

Sóknarfæri

Mai 2024

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi



Sjómenn

– til hamingju með daginn!

RIT
FORM



■ Ragnar A. Guðmundsson, sölustjóri Vélfaags og Ólafur Marteinnsson, aðstoðarforstjóri Ísfélagsins, handsala samning um UNO vél í togarann Sólberg ÓF-1.

Vélfaag ehf.

Fyrstu UNO vélarnar í notkun á næstu vikum

„Við finnum fyrir miklum áhuga á markaðnum og eftirvæntingu að sjá fyrstu UNO vélarnar í notkun. Því er núna komið að stórum áfanga í þessu verkefni þegar vélarnar í Noregi og hjá Brimi verða teknar í notkun,“ segir Ragnar A. Guðmundsson, sölustjóri hjá fiskvélaframleiðandanum Vélfaagi.

Vélfaag kynnti í fyrsta sinn þróun UNO vélarinnar á sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll haustið 2022 og er óhætt að segja að hún hafi þá vakið mikla athygli. Um er að ræða vél sem býður upp á möguleika til að hausea, flaka, roðrífa og skera afurðir í einni og sömu vélinni.

Tvær vélar farnar til Noregs

Á sýningunni haustið 2022 var tilkynnt um sölu fyrstu UNO vélarinnar til Noregs þar sem þær fara í Ecofive, nýtt vinnsluskip útgerðarfélagssins Bluewild en í hönnun skipsins er rík áhersla á sjálfbærni, hagkvæmni, nýjustu og bestu vinnslutækni og þannig má áfram telja. Þessa dagana er verið að setja vélarnar upp í skipinu í Álasundi sem gert er ráð fyrir að hefji veiðar innan fárra mánaða. ar segir að þessi



■ Fyrstu UNO vélarnar voru seldar til útgerðarfélagssins Bluewild í Noregi og fara um borð í nýjan togara fyrirtæksins sem er í smíðum. Vélararnar voru afhentar í vor og er hér verið að hifa þær um borð í togarann í skipasmíðastöðinni í Álasundi.

fyrsta útgáfa UNO sé þannig útfærð að í vélina fer hauseaður fiskur og hún skilar beinlausum, roðlausum flökum og fráskornum hliðarafurðum.

Þróun haldið áfram af fullum krafti

„Í reynd er þetta aðeins fyrsti fasi verkefnisins og fyrsta útgáfa vélarinnar en við höldum af fullum krafti áfram þróunavinnunni. Þessi leið sem við erum að fara er nýjung í hönnun fiskvinnsluvéla og býður upp á að sameina fleiri aðgerðir í einni vél, eins og við kynntum strax í upphafi verkefnisins. Í næstu útgáfum UNO munu því bætast við þættir á borð við hausun, frekari skurð á hliðarafurðum og fleira sem skurðartæknin býður okkur upp á. Næstu útgáfur UNO verða því enn fjölbærari en við komum líka til með að geta uppfært fyrstu vélarnar með sama hætti. Við getum því sagt að verkefnið sé á ákveðnum kaflaskilum nú þegar fyrstu vélarnar fara í notkun hjá viðskiptavinum en vöru- og tækniþróunin mun halda áfram hjá okkur af fullum krafti,“ segir Ragnar.

Mikill áhugi á markaðnum

Á næstu vikum verður fyrsta UNO vélin hér á landi sett upp í landvinnslu Brims og er sú vél hliðstæð þeim UNO vélum sem fóru til Noregs hvað vinnslutækni varðar. Þá gerði Vélfaag samning á dögunum um fyrstu UNO vélina í vinnsluskip hér á landi en sú fer um borð í Sólberg ÓF-1 en frá því skipið kom hafa verið fiskvinnsluvélar frá Vélfaagi um borð.

Vélfaag kynnti UNO og annan vélbúnað sinn á sjávarútvegssýningunni í Barcelona í apríl og segir Ragnar að áhugi á UNO sé mikill erlendis, líkt og hér heima.

„Viðskiptavinir sjá mikla kosti og hagkvæmni í því að sameina vinnsluþætti í eina vél, horfa til sjálfvirkinnar og stöðugleikans sem við erum með í skurðinum. Við erum að nálgast skurðinn í UNO með allt öðrum hætti en áður hefur verið gert og það vekur mikla athygli. Við heyrum á viðskiptavinum að þeir eru mjög spenntir að sjá hvernig fyrstu vélarnar reynast í vinnslu þannig að næstu mánuðir verða áhuga-verðir,“ segir Ragnar.

velfag.com

Sóknarfæri

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi

Útgefandi: Ritform ehf.

Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson (ábm).

Umsjón, og textavinnsla: Ritform ehf.

Forsíðumynd: Þorgeir Baldursson



Rafræn útgáfa á blaðinu er á ritform.is og mbl.is

Við erum líka á Facebook!



Prentun: Landsprent

Dreifing: Íslandspóstur

Hönnun og umbrot:

Guðmundur Þorsteinsson - Guddli.

Auglýsingar: Inga Ágústs dóttir inga@ritform.is

SÉRHÆFING Í ÚTGÁFU KYNNINGARBLAÐA

Ritform ehf. sérhæfir sig í útgáfu kynningarblaða fyrir íslenskt atvinnulíf þar sem fjallað er um sjávarútveg, fiskeldi, ferðamálg og fleira. Auk þess gefur fyrirtækið út sjávarútvegstímaritið Ægi og rekur sjávarútvegsfréttaveituna Auðlindina.



TIL HAMINGJU SJÓMENN

Sendum ykkur og fjölskyldum ykkar
hamingjuóskir
í tilefni sjómanna dagsins



OPTIM ICE
krapavélar

CO₂

HNÍFABRÝNI




Fyrir
hringhnífa

ÓSON & SÚREFNI




ÓSON
HREINSILÁUSNIR

KÆLIÞJÓNUSTA




ALLT SEM TENGIST
KÆLINGU

**VETTLINGA
ÞURRKARAR**




STÝRINGAR



Tengjum vélar saman

RAF S-900



SPRAUTUVÉLAR

Þjónusta alla leið

KAPP

THE OPTIM ICE COMPANY

www.kapp.is

Kópavogur – Þorlákshöfn
Vestmannaeyjar – Grundarfjörður



■ Ingibjörg Aradóttir sölufulltrúi hjá Ice Fresh Seafood. Hun segir starfið skemmtilegt og fjölbreytt, alltaf sé í gangi innan fyrirtækisins þróun og verið að fást við nýjungar af öllu tagi sem spennandi sé að fylgjast með.

Ljósmynd: Sindri Swan.

„Sjávarútvegurinn er spennandi atvinnugrein“

Ingibjörg Aradóttir sölufulltrúi hjá Ice Fresh Seafood hefur unnið að sölu sjávarafurða í 34 ár

„Það gefur auga leið að enginn endist í sama starfinu vel yfir þrjú áratugi nema það veiti gleði og fólk hafi gaman af,“ segir Ingibjörg Aradóttir sölufulltrúi hjá Ice Fresh Seafood, sem er félag um sölu- starfsemi Samherja og annast sömu- leiðis sölu afurða annarra framleiðenda. Hún hefur starfað við sölu á afurðum fyrirtækisins í 34 ár, hóf störf í júlí árið 1990, „á þriðjudegi ef ég man rétt, því hér byrjar enginn á mánudögum,“ segir hún og vísar til þess að hjátrú er gjarnan rík innan sjávarútvegsins. Fyrirtækið hefur tekið stakkaskiptum frá því hún hóf störf, örfáir starfsmenn voru á skrifstofu félagsins á þessum tíma. „Ég held við höfum verið þrjú eða fjögur fyrir utan eigendurna.“

Ingibjörg, Inga eins og hún er ævinlega kölluð, ólst upp á Akureyri. Hún hélt til náms í Reykjavík að loknu stúdentprófi árið 1981, fór í uppeldisfræði við Háskóla Íslands og stefndi á að verða kennari. „Ég var einstæð móðir með ungan son og eins og títt er voru blankheitin allsráðandi. Endalaus leit að leiguíbúðum og sífellt verið að færa sig á milli eftir því hvar íbúð bauðst hverju sinni og drengurinn að skipta um skóla svo að segja á hverju hausti.“

Sá ekki fyrir sér að fá vinnu við hæfi fyrir norðan

„Einhverju sinni þegar þessi staða var eina ferðina enn uppi á teningnum spyr mamma hvort ekki sé betra að flytja bara

aftur norður,“ segir Inga en henni leist ekki alls kostar á slíkar hugmyndir. Sá ekki fyrir sér að fá vinnu við hæfi. „Ég nefndi við mómmu að ég ætlaði ekki að fara að vinna í kjörbúð hjá KEA!“ segir hún en velti þó stöðunni vel fyrir sér og sá að vissulega yrði minni barningur fyrir einstæða móður að búa norðan heiða með sterkara bakland.

Ein vinkvenna hennar starfaði á þessum tíma hjá Samherja. Vegna að- stæðna í fjölskyldunni sá hún fram á að þurfa að hætta en benti Ingu á að sækja um hennar starf. „Ég gerði það, fékk stöð- una og hef verið hér síðan,“ segir hún.

Heilmargt breyttist á riflega þremur áratugum og segir Inga að fyrirtækið hafi vaxið jafnt og þétt og sé allt annað en það var á fyrstu árunum. Starfið hafi líka breyst í árána rás og er harla ólíkt því sem var. Sárafáir unnu á skrifstofunni sem dæmi og nefnir hún að gengið hafi verið í öll störf sem inna þurfti að hendi.

Faxtækin voru bylting

„Helsta breytingin er sú að flest er orðið rafrænt í dag, við náum svo að segja að klára flest öll mál í gegnum tölvu, sem áður þurfi að leysa með öðrum hætti,“ segir hún. Meðal annars hafi hún gjarnan farið í banka, í tollinn eða til sýslumanns til að sinna sínum störfum, oftar en ekki með mikið magn pappira í fórum sínum. Alls konar skjöl fylgdu með þegar kom að sölu afurða sem dæmi og þau þurfti að meðhöndla með viðeigandi hætti. „Sam-

”

Enginn endist í sama starfinu vel yfir þrjú áratugi nema það veiti gleði og fólk hafi gaman af.“

skiptin voru öðruvísi áður fyrr en þá sinnti maður erindum með því að fara út og tala við fólk. Það var ósköp notalegt,“ segir hún. Farsímar voru vart komnir til sög- unnar og faxtæki voru að ryðja sér til rúms sem mikil nýjung.

„Það þótti alveg frábært að geta sent skjöl með faxi á milli landshluta og jafnvel milli landa. Það eru mikil verðmæti í húfi þegar kemur að sölu afurða og því mikið lagt upp úr að öll pappírsvinna sé rétt og gangi snurðulaust fyrir sig,“ segir Inga.

Hún rifjar upp að á fyrstu árum sínum í starfi og áður en tækninýjungar höfðu komið fram var hún einhverju sinni send með verðmæt frumgögn í flugi til Kaup- mannahafnar – flaug með gögnin þangað

frá Reykjavík, afhenti þau á Kastrupflug- velli og flaug síðan til baka samdægurs. „Það var mjög mikilvægt að koma þessum pappírnum á leiðarenda og þetta var í það skiptið eina færa leiðin,“ segir hún og bætir við að lífið nú þegar allt er stafrænt og engu skiptir hvar í heiminum fólk er statt, sé annars konar og einfaldara að mörgu leyti. „Vinnuumhverfið er allt annað og mun þægilegra.“

Frábært tækifæri að starfa í Hull

Inga starfaði í tæpt ár á söluskrifstofu fyrirtækisins Seagold sem Gústaf Bald- vinsson stofnaði í bresku borginni Hull og segir það hafa verið mikilvæga og góða reynslu. Þetta var á árunum 1996 til 1997 og sá Seagold um að selja afurðir frá Samherja á markaði í Bretlandi. „Ég var í fyrstu fengin að láni, svona á meðan var verið að starta þessu og átti að vera nokkrar vikur í mesta lagi. Þegar upp var staðið varð þetta tæpt ár. Það var mjög spennandi að starfa í þessu umhverfi og læra inn á það en Bretland er mikilvægur og stór markaður fyrir okkar afurðir. Það var því mjög gaman að vera í hringiðunni þar og kynna þessu umhverfi af eigin raun,“ segir hún en borgin hafði á þeim tíma gengið í endurnýjun lífdaga og upp- bygging í gangi. „Pabbi, sem var togara- sjómaður, var mjög tortrygginn þegar ég sagðist vera á leið til Hull og fullyrti að enginn staður á jarðríki væri ógnvænlegri en Hull, nema ef vera skyldi Grimsby.“

Kaupendur í Bretlandi áttu sín uppá-

Hetjur hafsins

til hamingju með
sjómannaþaginn



Samhentir



■ Ingibjörg Aradóttir og Steinn Símonarson aðstoðarframkvæmdastjóri Ice Fresh Seafood á sjávarútvegssýningunni í Barcelona.

Ljósmynd: Úr einkasafni.

haldsskip að sögn Ingu og vildu fyrir alla muni fá fisk frá ákveðnum skipum og þótti hann af einhverjum ástæðum bestur. „Fyrstu sjófrystitogararnir, eins og Akureyrin, Hjalteyrin, Margrét og Víðir voru mjög farsæl, veiddu vel og afurðirnar þóttu afbragð, þannig að það má segja að slegist hafi verið um fiskinn úti í Bretlandi þar sem m.a. er rík hefð fyrir að borða fisk og franskar.“

Miklar kröfur um gæði – samvinna lykilatriði

Söluveild Samherja hefur vaxið að umfangi í takt við aukin umsvif, fleiri skip og aukinn afla. Til deildarinnar, Ice Fresh Seafood var stofnað árið 2007 og starfa nú um 20 manns á Akureyri auk þess sem fyrirtækið er með starfsemi víða um heim.

Inga hefur undanfarið einkum starfað við að selja uppsjávarafurðir, loðnu, sild og markil sem fara að stórum hluta til landa í austanverðri Evrópu. „Það hefur orðið mikil uppbygging á liðnum árum í sölu á uppsjávarafurðum til Austur-Evrópulanda, Úkrárinu, Hvíta-Rúsalands og Póllands og mín verkefni eru mikið tengd sölu á þeim afurðum. Það er mikil þekking innan söluveildar, margir sem hér starfa hafa langa starfsreynslu að baki,“ segir hún og bætir við að Ice Fresh Seafood hafi á liðnum árum náð góðum árangri í markaðssetningu fjölbreyttra sjávarafurða víða um heim. Þannig sé fyrirtækið leiðandi í sölu á frosnum og ferskum bol-fiskafurðum í Bretlandi og á meginlandi Evrópu. Umtalsvert magn afurða félagsins úr fiskeldi fari á markaði í Bandaríkjunum. „Það er verið að selja fisk um allan heim og við erum með okkar viðskiptavinum mjög víða,“ segir hún og bætir við að Asíumarkaður sé stór og fyrirtækinu mikilvægur. „Hver og einn er að sinna sínu og við leitumst við að fylgjast sem best með því hvað er að gerast á hverjum markaði og í hverri tegund. Til þess að ná árangri er samvinna lykilatriði, sem gerir starfið skemmtilegt og gefandi.“

Miklar framfarir hafa orðið hvað varðar meðferð afla og vinnslu afurða og segir Inga ólíku saman að jafna þegar kemur að þeim afurðum sem voru á boðstólum fyrir 30 árum og þeim sem nú eru í boði. „Það hafa orðið gríðarlegar framfarir á öllum sviðum og við bjóðum upp á mikil gæði. Íslenski fiskurinn er vissulega vinsæll en samkeppnin er mikil og við þurfum alveg að hafa fyrir hlutunum, það eru miklar kröfur gerðar á mörkuðum þegar kemur að gæðum,“ segir hún.



■ Starfsfólk Ice Fresh Seafood slakar á að loknum löngum vinnudegi á sjávarútvegssýningunni í Barcelona í vor.

Ljósmynd: Úr einkasafni.

Sýningar mikilvægur

Inga sótti alþjóðlegu sjávarútvegssýninguna í Barcelona nýverið og segir slíkar sýningar hafa mikið gildi fyrir fyrirtæki í greininni. Hún hefur sótt 17 sýningar í Brussel þar sem þessi sýning var áður, en fyrir fáum árum var hún færð til Barcelona. „Þessar sýningar eru alltaf skemmtilegar, það er gaman að fá tækifæri til að sækja þær og fylgjast með straumum og stefnum. Mikilvægast er þó að hitta okkar viðskiptavinum í eigin persónu, það er algjörlega ómetanlegt að efla tengslin og treysta böndin. Við förum yfir málin, spyrjum gjarnan hvort við getum gert eitthvað betur því innan fyrirtækisins er mikill metnaður til að gera eins vel og kostur er á öllum sviðum. Þrátt fyrir alla tæknina er staðreyndin sú að mannleg samskipti eru nauðsynleg,“ segir hún.

Afhendingaröryggi

„Stundum er sagt að íslenski fiskurinn selji sig sjálfur og vissulega er um að ræða gæðavöru. Við megum hins vegar

ekki gleyma því að við erum að keppa við aðra matvælaframleiðendur um hillupláss á hörðum alþjóðlegum neytendamarkaði. Krafan í dag er að neytendur geti alla daga ársins gengið að vörinni vísi í hillum stórmarkaða. Þess vegna er svo mikilvægt að afhenda vöruna á tilsettum tíma, allan ársins hring. Ef við getum ekki uppfyllt þessar kröfur markaðarins, missum við einfaldlega af lestinni. Þegar upp er staðið er það neytandinn sem ræður ferðinni, það er bara svo einfalt. Þetta vill stundum gleymast í umræðunni um íslenskan sjávarútveg,“ segir Inga.

„Krefjandi starf en hefur gefið mér mikið“

Starfið segir hún skemmtilegt og fjölbreytt, alltaf sé í gangi innan fyrirtækisins þróun og verið að fást við nýjungar af öllu tagi sem spennandi sé að fylgjast með. Margrét hafi gefið góða raun og fleygt fyrirtækinu fram á við. „Eigendur Samherja eru afskaplega framsýnir og fylgjast vel með. Þeir eru að mörgu leyti frum-

kvöðlar og það er virkilega gaman að fá að vera þátttakandi í þessu ævintýri. Starfið er krefjandi en það hefur gefið mér mikið. Þegar ég lit til baka þá er ég ánægð með að hafa valið þetta starf og þetta fyrirtæki. Það er góður starfsandi hér og starfsmannaveltan lítill sem segir sína sögu um að vel er hugsað um starfsfólkið,“ segir Inga sem mælir með að ungt fólk horfi til þeirra fjölbreyttu tækifæra sem bjóðast innan sjávarútvegs þegar það fer að huga að framtíðarstörfum sínum. „Ég segi hiklaust að sjávarútvegurinn sé mest spennandi atvinnugreinin hér á landi og er miklu meira en bara fiskur, sem sést best á fjölda íslenskra nýsköpunarfyrirkjara sem litið hafa dagsins ljós á undanförunum árum. Greinin er í hraðri þróun og staðreyndin er að íslenskt hugvit og hátækni leika stórt hlutverk í þessari undirstöðuatvinnugrein okkar Íslendinga.“

ÍS TÆKNI

Við erum með lausnir

Sjálfvirkni

Hönnun og smíði á millidekkjum

Karapvottavélar og karakerfi

Lausnir í fiskeldi

Renniverkstæði

Framleiðsla

Þjónusta



■ Eðvald Smái Ragnarsson með væna þorska einn blíðviðrisdag á strandveiðinni fyrir austan.

Allt ákveðið í reglugerð nema nestið!

spjallað við Eðvald Smára Ragnarsson á Orra SU-260 á Djúpavogi sem gert hefur út í strandveiðinni öll sumur frá því kerfinu var komið á

„Stærsti ágallinn við strandveiðikerfið er sá að það er alltof niðurnjörvað og enginn sveigjanleiki. Við þurfum að róa ákveðna daga vikunnar og getum ekkert hnikað til dögum út frá t.d. veðri, straumum eða öðru slíku, hámarksafli á dag er fastsettur og þannig má áfram telja. Það eina sem ekki er sagt fyrir um með reglugerð er hvernig nesti má hafa með sér á sjó,” segir Eðvald Smári Ragnarsson, strandveiðimaður á Djúpavogi og eigandi Sómabátsins Orra SU-260. Hann hefur stundað strandveiðarnar allar götur síðan kerfinu var komið á árið 2009 og segir þessa sumarvinnu bara gera manni sem kominn er yfir sjötugt gott þó vissulega taki þetta á.

Heilsubætandi sumarvinna

„Ég er heilsuhraustur og þakka það ekki síst því að stunda strandveiðarnar á sumrin. Þessi vinna fær dæluna til að ganga aðeins hraðar og maður hefur yfirleitt lagt af um nokkur kíló á tímabilinu. Þetta er heilsubætandi,” segir Eðvald en hann er vélstjóri að mennt og hefur reynslu af því starfi á ýmsum stærri skipum; togurum, nótaskipum og fleirum. Hann gerir samt ekki upp á milli starfanna í samanburði við smábátasjómennskuna. „Það er mjög ólíkt að vera t.d. vélstjóri á togara og róa á smábát. Allt hefur þetta sína kosti,” bætir hann við.

Eðvald segir að það komi alltaf einhver fiðringur þegar nálgast upphaf strandveiðitímans á vorin. Huga þurfi að ýmsum hlutum í bátinum „því þetta þarf allt að vera í lagi og uppfylla kröfur. Maður vill hafa þetta í lagi,” segir hann.



■ Afastrákurinn Ágúst Smári í röðri í fyrrasumar. Það tók í að koma þessum væna þorski inn fyrir borðstokkinn.

„Strandveiðin er hörku vinna. Maður þarf að rífa sig upp um miðja nótt til að fara að undirbúa róðurinn og svo getur þetta verið mikið at þegar vel fiskast. Ég hef líka notið aðstoðar barnanna og þau hafa öll róid eitthvað með mér, dóttirin minnst en strákarinn þrjár talsvert.”

Nauðsynlegt að festa dagafjöldann
Aðspurður segir Eðvald að gera mætti ýmsar breytingar á strandveiðikerfinu en sú nauðsynlegasta sé vitanlega sú að tryggja fasta 48 daga, 12 í hverjum mánuði. Þannig væri mönnum tryggt viður-

væri af þessum veiðum yfir þetta fjögurra mánaða tímabil.

„Mér finnst mikil ofstjórnun í kerfinu eins og það er byggt upp í dag og enginn sveigjanleiki. Við búum til dæmis við það hér að í kringum stórstreymi er á mörkunum að hægt sé að fiska á færin og við þær aðstæður væri gott að geta hnikað til veiðidögum. Svo vita það allir að veðrið hefur mikil áhrif fyrir okkur á litlu bátunum. Þannig gæti ég talið áfram atríði sem takmarka okkar möguleika. Ég get engan veginn séð að það setji hér allt á hliðina í lífríkinu þó handfæraveiðar verði

frjálsar því það takmarkast af sjálfu sér hversu miklu smábátarnir geta afkastað í veiðum,” segir Eðvald og í beinu framhaldi berst talið að stöðvun strandveiðanna á líkt og verið hefur raunin síðustu þrjú sumur.

„Á okkar svæði er mesta fiskgengdin frá byrjun júlímánaðar og fram á haustið. Við gætum því vel hugsað okkur að hafa t.d. þann sveigjanleika að róa frekar í september en maímánuði, líkt og stundum hefur verið bent á. En það er auðvitað afleitt að strandveiðarnar séu stöðvaðar ár eftir ár og veiðitímabilið



■ Barnabörnin eru dugleg að fara með afa sínum á sjó. Og alltaf gaman þegar vel fiskast. Frá hægri: Guðrún Elín, Magnea Sif og Ágúst Smári.



■ Á stíminu á miðunum.

Þannig stytt verulega. Þetta kemur hart niður á okkur á austursvæðinu þegar besti fiskurinn er að ganga á okkar veiðislóð. Ég hallast helst að því að stjórnvöld séu lafhrædd við að smábátasjómenn græði einhver ósköp á þessum strandveiðum ef þetta verði frjalsara kerfi. Að fenginni reynslu get ég alveg fullyrt að svo er ekki. Eins og þetta er í dag þá gerir maður ekki mikið meira en ná fyrir kostnaði þegar veiðitímabilið er stytt svona mikið," segir Eðvald ákveðið.

Stutt á miðin frá Djúpavogi

Eðvald hefur lengi átt smábát og róð í hinum ýmsu kerfum. „Það er á mörkunum að maður kunni skil á öllum þessum kerfum í gegnum tíðina og strandveiðin er

bara ein útfærslan. Ég veit svo sem ekki hvort hægt væri að koma á einhverju kerfi sem allir smábátasjómenn væru sáttir með en fastur dagafjöldi og meiri sveigjanleiki yrði að minnsta kosti leið til að auka jafnræðið milli landsvæða. Aðstæðurnar á grunnslóðinni við landið eru svo breytilegar," segir hann.

Eðvald segir að það eigi sannarlega við að þeir fiski sem róa og hafa þurfi fyrir smábátasjómennskunni eins og öllum öðrum störfum. „Við búum vel hvað það varðar að það er frekar stutt á miðin, 15-20 mílur. Við erum mest hér í kringum Papey og ég fer stundum vestur á Lónsbugt þegar er mikill straumur hér á heimamiðum eða ef ufsinn gefur sig þarna vestur frá," segir hann og reiknar

með að 10-15 bátar rói frá Djúpavogi á strandveiðar í sumar.

„Strandveiðibátunum hefur aðeins farið fækkandi hjá okkur, einfaldlega vegna þess hvernig þessi veiðitími hefur verið stytur síðustu ár og afkoman versnað sem því nemur. Héðan var seldur bátur núna í vetur og hann fór vestur. Þetta er því miður þróunin núna og það er illu heilli verið að búa til ákveðinn rígg á milli landsvæða og etja fólki saman.“

Fyrirsjáanleiki mikilvægur

Eðvald segir að til lengri tíma litið skipti miklu máli að þróa strandveiðikerfið á þann hátt að fyrirsjáanleikinn aukist. Þetta sé atriði sem ekki aðeins snúi að honum og öðrum sem róa í dag heldur líka

að þeim sem taka við. Strandveiðifólki framtíðarinnar.

„Í þessu eins og öðrum atvinnurekstri þarf að halda tækjum við með tilheyrandi kostnaði. Þegar þriðjungurinn af veiðitím- anum er tekinn af þá bregðast tekjurnar og þá geta menn þurft menn að leita á náðir lánastofnana sem geta verið tregar til þegar fyrirsjáanleikinn í strandveiðikerfinu er ekki meiri en raun ber vitni. Það sama gildir um nýliðunina og möguleika fólks á að kaupa sér báta til að gera út á strandveiðar. Aukinn fyrirsjáanleiki getur því hjálpað til við nýliðun í strandveiðunum og laðað ungt fólk í þessa útgerð," segir Eðvald Smári Ragnarsson.

Óskum sjómönnum, útgerðarmönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn



Frunkvöðlar í skipahönnun

NAUTIC

Turnahvarfi 8
203 Kópavogi
Sími 5 400 515
nautic@nautic.is
nautic.is

Nýt þess alltaf að vera á sjó

Halldóra Kristín Unnarsdóttir gerir út strandveiðibát frá Rifi

„Það er mögnuð tilfinning að vera ein úti á sjó, ekkert nema hafið í kring. Það er núvítund af bestu gerð,“ segir Halldóra Kristín Unnarsdóttir sem stundað hefur sjómennsku frá 12 ára aldri og strandveiðar síðustu 13 sumur sem skipstjóri. Hún gerir út bátinn Andra SH 255, fimm tonna plastbát, ásamt föður sínum, Unnari Leifssyni. „Ég nýt þess alltaf að vera á sjó, hvort heldur það er rólegt yfir eða mokveiði. Þetta er alltaf jafn gaman og gefandi.“

Sex ára grenjandi á bryggjunni!

Halldóra, sem jafnan er kölluð Dóra Unnars er fædd og uppalin á Rifi á Snæfellsnesi og býr þar nú. „Ég hef víða farið og átt heima hér og hvar en rata alltaf heim aftur,“ segir hún. Líkt og þeir sem alast upp í sjávarþorpum um landið komst hún fljótt í kynni við sjávarútveginn. Pabbi hennar og afi, þeir Unnar Leifsson og Leifur Jónsson, gerðu árum saman út bát og réru öll sumur. Afinn var að auki hafnarvörður á Rifi til fjölda ára.

„Ætli ég hafi ekki verið um 6 ára þegar ég man eftir mér grenjandi á eftir þeim á bryggjunni þegar þeir voru á leið í róður og fannst ég alltof ung til að fara með. En ég var mikið í kringum þá, þegar verið var að græja bátinn og þegar þeir lögðu að. Þá voru alls konar verkefni sem ég leysti af fremsta megni, eins og að verka hrogn og greiða úr netum og þvíumlikt. Ég hafði óskaplega gaman af þessu og má segja að ég hafi fengið þessa bakteríu snemma,“ segir Dóra, en þær eru þrjár systurnar og hinar alveg lausar við áhuga á sjómennsku. „Ég var sú eina sem fékk bakteríuna, hinar vilja helst halda sig viðsfjarri bryggjum og sjó.“

Leysti afa sinn af 12 ára

Heldur betur hljóp á snærið hjá Dóru þegar afi hennar ákvað eitt sumarið að vera í landi og sinna öðrum störfum. Þá losnaði pláss og án þess að hika tók hún tilboði um að róa með pabba sínum það sumar. Þá var hún 12 ára. „Þetta var himnasending fyrir mig og ég var alsæl með að geta leyst afa minn af. Það má segja að eftir þetta sumar hafi ég alveg fallið fyrir sjómenskunni og kann eiginlega hvergi jafn vel við mig og á sjó,“ segir hún en öll sumur til 18 ára aldurs réri hún með pabba sínum. Sumarið byrjaði á grásleppu og síðan var farið á skak. „Ég reyndi líka alltaf að komast á sjó þegar var frí í skóla og greip hvert tækifæri sem gafst,“ segir hún en árið 2011



■ Halldóra Kristín Unnarsdóttir, Dóra Unnars, hefur stundað sjómennsku frá 12 ára aldri og strandveiðar síðustu 13 sumur sem skipstjóri.



■ Feðginin í róðri.



■ Sjómennska er svo mikið meira en bara tog-arar og línuskíp, segir Dóra.

ákvað hún að taka svonefnt pungapróf og einnig vélavörðinn og segir að það hafi komið sér mjög vel. „Þetta er nám sem hefur nýst mér mjög vel og ég mæli með því við þá sem eru að róa,“ segir hún.

Dóra er tómtunda- og félagsmálafræðingur og starfar sem slíkur yfir veturinn en þegar fer að vora þarf að græja bátinn og hún segir það alltaf mikla eftirvæntingu þegar líði að því að standveiðitímabilið hefjist. „Það er mikil tilhlökkun og gleði ríkjandi á vorin áður en tímabilið hefst en það fylgja líka aðrar tilfinningar eins og kvíði og stress yfir hvort veðrið verði til friðs og hvort eitthvað veiðist. Það eru óvissuþættirnir sem alltaf þarf

að taka með í reikninginn. Svo byrjar þetta og maður gleymir sér algjörlega í amstri dagsins og nýtur þess í botni að takast á við sjómenskuna.“

Gott að gera út frá Rífi

Dóra segir hvergi betra að gera út strandveiðibát en á Rífi og mælir eindregið með staðnum. „Það er mjög stutt út á gjöful fiskimið, maður er í raun oft komin í ágætis veiði á auga-bragði. Það er auðvitað mikill kostur að þurfa ekki að róa langt á miðin,“ segir hún. Sjálf hefur hún orð á sér fyrir að vera mjög fiskin. „Það voru margir undrandi á því, sérstaklega á mínum fyrstu árum á sjó, hvað ég náði góðum afla,“ segir hún og telur að á bak við gott gengi í veiðiskapnum liggi fyrst og fremst mikil þolinmæði. „Það verður að búa yfir þolinmæði, að geta beðið þó ekkert sé að gerast í augnablikinu.“

Dóra hefur verið all lengi að og segir að til sín leiti talsverður hópur stelpna sem hafi hug á að reyna fyrir sér í sjómenskunni og viti ekki hvernig best sé að bera sig að.

„Það er alls ekki auðvelt fyrir alla að byrja og ekki allir sem hafa aðgengi að bát eða plássum á bátum í gegnum ættingja eða vini. Það getur verið býsna erfitt að komast að en ég reyni hvað ég get að hvetja stelpur áfram og að þær finni sér farveg í sjómenskunni ef þær langar til. Þetta starf getur alveg hentað öllum kynjum,“ segir hún og er glöð yfir að hafa þegar haslað sér völl í sjávarútvegi og að vera fyrirmynd fyrir aðrar konur sem langar að prófa.

Líflegt í strandveiðibæjunum

Dóra situr í stjórn Strandveiðifélags Íslands og segir að hún hafi alveg þurft að hafa fyrir hlutunum og afla sér virðingar sem dugandi sjómaður. „Að vera í stjórn félagsins hefur hjálpað mér mikið að kynnast öðrum í bransanum og fá frekari viðurkenningu sem kona á sjó,“ segir hún.

Hún segir strandveiði hafa margt jákvætt í för með sér og þá ekki síst að hún lífgi mjög upp á bæjarlífið í sjávarþorpum þar sem mest er umleikis í þeirri veiði. „Fólk í bransanum velur sér bæi til að gera út frá, þeir fyllast af fólki og lífi og það er mikið um að vera. Ef ekki væri fyrir strandveiðina væru þeir sumir hverjir hálfdauðir yfir sumarið,“ segir hún.

Strandveiðikerfið sé ekki slæmt en alltaf megi gera betur og aðlaga það m.a. að því hver þörf er á markaði fyrir ferskan fisk. „Við erum öll að reyna að gera þetta að atvinnu þá fjóra mánuði sem veiðin stendur yfir. Hefðum við svigrúm til að róa 10 daga í mánuði fjóra daga vikunnar væri þetta mannlegt atvinnutækifæri og hvatning fyrir ungt fólk að hefja útgerð á strandveiðum. Sjómennska er svo mikið meira en bara togarar og línuskip. Ég trúir að þetta kerfi muni á endanum ná betri og réttari farvegi en þangað til er ég þakklát fyrir að hafa aðgang að þessu kerfi,“ segir Dóra.



■ Dóra Unnars segir hvergi betra að gera út strandveiðibát en á Rífi og mælir eindregið með staðnum.



■ „Ég nýt þess alltaf að vera á sjó, hvort heldur sem það er rólegt yfir eða mokveiði og mikið í gangi, þetta er alltaf jafn gaman og gefandi.“

Til hamingju með daginn!

Sjómannafélag Eyjafjarðar óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn



Sjómannafélag Eyjafjarðar

www.sjoey.is

Verður rauðáta næsta gullkista sjávarrauðlindarinnar?

Þekkingarsetur Vestmannaeyja leiðir rannsóknir á rauðátu og tilraunaveiðar undan Suðurlandi í sumar

Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur undanfarin ár leitt rannsóknarverkefni sem snýst um möguleika í veiðum og vinnslu á rauðátu hér við land. Nú í sumar er stigið stærsta skrefið í verkefninu hingað til þegar hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson mun gera tilraunir með sérútbúnu flottrolli til veiðanna. Vonast Hörður Baldvinsson, framkvæmdastjóri þekkingarseturs Vestmannaeyja, til að með veiðunum fáiast talsvert skýrari mynd á veiðisvæði rauðátu, aðferðir við veiðarnar og möguleika á arðbærum rauðátuveiðum.

13 milljónir tonna af rauðátu undan Suðurlandi

„Rauðáta er afskaplega verðmætt hráefni sem við erum svo lánsöm að hafa hér í okkar lífríki við landið. Við Suðurland er talið að séu um 13 milljónir tonna af rauðátu sem koma árlega upp og hér þarf að hafa í huga að rauðátan verður bara eins árs gömul, deyr og svo kemur ný á næsta ári. Þetta atriði er einmitt ein ástæða þess að hráefni úr rauðátu eru verðmæt því vegna þessa stutta líftíma átunnar þá ná ekki að safnast nein óæskileg efni upp í lífverunni. Annað mikilvægt atriði er að í vinnslu á rauðátu nýtist hún til fulls og ekkert gengur af,“ segir Hörður

og undirstrikar einnig að þó rauðáta sé mikilvæg fæða uppsjávarfisktegunda þá sé magnið slíkt að veiðar raski ekki lífríkinu.

Verðmætar afurðir í fæðubótarefni og lyfjaframleiðslu

Rauðáta er rík af andoxunarefni astaxanthin sem er afar heilsusamlegt. Hún er brædd í mjöl og lýsi en afurðirnar eru eftirsóknarverðar í fæðubótarefni og lyfjaframleiðslu, t.d. í meðferð við sykursýki og offitu, svo dæmi séu tekin. Rauða litarefnið í rauðátunni er líka eftirsótt, t.d. í laxafóður til að ýta undir rauða litinn í holdi laxfiska.

Hörður segir að Norðmenn hafi stundað markvissar rannsóknir á möguleikum til nýtingar rauðátu þar við land í áratugi og hefur þekkingarsetur Vestmannaeyja keypt aðgang að þeirra rannsóknarniðurstöðum hingað til og nýtir þær í rannsóknir sínar á rauðátu hér við land.

„Norðmenn hafa rannsakað veiðisvæði og þróað veiðar og veiðarfæri, auk þess að rannsaka vinnsluáðferðir, nýtingarmöguleika rauðátuafurða og markaði. Norðmenn hafa líka byggt upp samband við fyrirtæki sem eru tilbúin að kaupa afurðir úr rauðátu á góðu verði og þeir eru tilbúinir að kaupa þá átu sem við kann að falla til hér og ekki



■ Hörður Baldvinsson, framkvæmdastjóri þekkingarseturs Vestmannaeyja. Mynd: Óskar Pétur Friðriksson

yrði hægt að veiða hér á landi. Með öðrum orðum er því í sjónmáli markaður fyrir rauðátuafurðir, sem skiptir auðvitað öllu máli,“ segir Hörður.

Tilraunaveiðar með sérútbúnu rauðátutrolli

Hörður segir að stóra spurningin snúist núna um sjálfar veiðarnar. Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur fjárfest í búnaði til að leita uppi og staðsetja rauðátuna undan Suðurlandi og kom sér nú



■ Unnið í sérhæfðu rauðátutrolli í Hampiðjunni í Vestmannaeyjum nú í vor. Rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson verður notað til tilraunaveiðanna í sumar. Mynd: Óskar Pétur Friðriksson



■ Rauðáta er agnarsmá, fáeinir millimetrar í þvermál. Af þessari lífveru eru hins vegar talin vera um 13 milljónir tonna undan suðurströndinni og standa vonir til að hægt verði að veiða fáein tonn í sumar í tilraunaskyni.

MANITOU

MEST SELDI SKOTBÓMULYFTARINN Á ÍSLANDI!



ÍSLYFT NÝR UMBOÐSAÐILI FYRIR MANITOU Á ÍSLANDI

VESTURVÖR 32a | 200 KÓPAVOGI
SÍMI 564 1600 | ISLYFT@ISLYFT.IS | ISLYFT.IS

Íslyft ehf

í vor upp sérhæfðum trollbúnaði til að nota við tilraunaveiðar á Bjarna Sæmundssyni í sumar.

„Við erum auðvitað bara rannsóknaraðili og ljóst að ef á næstu árum fæst staðfesting á að rauðátuveiðar verði arðbærar þá muni aðrir taka við keflinu. Ástæðan fyrir því að við hjá þekkingarsetri Vestmannaeyja höfum unnið að rannsóknum á rauðátunni er einfaldlega sú að hér í næsta nágrenni eyjanna er hún í mestu magni og hér í Vestmannaeyjum höfum við öflug fyrirtæki til veiða og vinnslu. Þess vegna liggur þetta vel við sem nýtt verkefni í sjávarúvegi í Vestmannaeyjum,“ segir Hörður en bæði Ísfélagið og Vinnslustöðin munu aðstoða við frystingu á aflanum í sumar. Einnig var unnið að uppsetningu rauðátutrollsins hjá Hampiðjunni í Vestmannaeyjum nú í vor og segir Hörður að allir hafi mikinn áhuga á að möguleikar til veiða og nýtingar rauðátu verði rannsakaðir til fulls.

Vonast eftir nokkurra tonna afla í sumar

Rauðáta má einna helst líkja við agnarsmáa rækju. Hún er náskyld ljósátu sem einnig er hér við land en veiðar á ljósátu eru vel þekktar við suðurskautið.

Þriðja átutegundin hér við land er póláta.

„Rauðáta veiðist frá maí og fram í byrjun ágúst og hún er veidd í flottroll. Þetta getur því verið veiðitími sem hentar útgerðum uppsjávarskipanna vel,“ segir Hörður.

Sá afli sem fæst í sumar verður eingöngu nýttur til rannsókna en Hörður segir algjörlega lagt blint í sjóinn, ef svo má segja, hvar best verði að toga og hvar afla kunni að vera að vænta. Hingað til hafi aðeins verið veidd fáein kíló af rauðátu með frumstæðum hætti en með sérútbúnu trolli séu veiðarnar færðar upp á næsta stig.

„Sumarið framundan er án efa stærsta skrefið í rannsóknum okkar hingað til og næstu vikur verða mjög spennandi. Að loknum veiðitilraunum í sumar gætum við verið komin með skýrari mynd af þeim möguleikum sem kunna að felast í rauðátuveiðum við Suðurland. Norðmenn hafa rannsakað rauðátuna í 50 ár en vonandi tekst okkur á næstu fimm árum að fá skýrari svör um hvaða möguleika við höfum. Ég vona að okkur takist að veiða nokkur tonn af rauðátu á næstu vikum og yrði hæstánægður með það,“ segir Hörður Baldvinsson.

Til hamingju
með daginn
sjómenn!

HAMPIÐJAN

- fyrir öll heimsins höf

Draumurinn að byggja upp öflugri útgerð

Bjarni Reykjálín Magnússon gerir út Sómabát í Grímsey

„Draumurinn er að byggja upp öfluga starfsemi hér í Grímsey, kaupa stærri bát og skapa vinnu fyrir nokkra menn í kringum útgerðina. Líkurnar á að sá draumur rætist eru þó því miður litlar,“ segir Bjarni Reykjálín Magnússon, 26 ára gamall Grímseyingur. Hann keypti Sómabát fyrir fjórum árum og gerir hann einkum út á strandveiðar frá Grímsey. Stærsta hindrunin og það sem kemur í veg fyrir að draumur um uppbyggingu nái að rætast er skortur á kvóta.

Kvótaleysið stærsta hindrunin

„Kvótaleysið gerir að verkum að ég næ ekki að róa eins mikið og ég vildi,“ segir hann. Hann verður því að láta strandveiðarnar að mestu nægja. Þær hafa staðið yfir síðustu vikur og gengið ágætlega í heildina. Veiði hefur verið þokkaleg en vissulega hafa nokkrir brælundagar í mánuðinum sett strik í reikninginn. Grímsey liggur vel við góðum fiskimiðum og ekki þarf að róa langt til að komast í góðan afla. „Þetta fer nokkuð vel af stað og við vonum auðvitað að framhaldið verði ekki síðra.“

Bjarni segir að lítið mál væri að gera út frá Grímsey árið um kring, hefðu menn til þess kvóta. „Ég tel að hægt sé að lifa góðu lífi hér ef fyrir hendi væri kvóti og hægt að gera út bróðurpart ársins. Því er ekki að heilsa hvað mig varðar. Ég á engan kvóta. Kem ekki úr útgerðarfjölskyldu og er að byggja minn rekstur upp einn og frá grunni.“

Möguleiki er að leiga kvóta og hefur Bjarni prófað það en segir slíkt í raun glóru-laust dæmi. Gera megi ráð fyrir að hafa um 10 til 20 krónur upp úr krafsinu fyrir hvert kíló af þorski, þegar upp er staðið og búið að greiða kostnað við reksturinn. Eitthvað meira fæst fyrir ufsa en sá kvóti er mun ódýrari en þorskvótinn. „Þetta borgar sig engan veginn. Það fæst ekkert út úr þessu og þegar engar tekjur eru fyrir vinnuna þá er betra að setja bátinn ekki á flot,“ segir hann.

Nýliðastyrkir gætu skipt sköpum

Bjarni segir að staða ungs fólks sem langi að spreyta sig í útgerð sé svipuð og hjá þeim sem hug hafi á að gerast bændur.

Erfitt sé að komast inn í þessar atvinnugreinar. Kostnaðurinn sé óheyrilegur og ekki á allra færi, í raun ráði fæstir við slíkt.

„Mín skoðun er sú að með því að bjóða upp á nýliðastyrki gætu þeir skipt sköpum fyrir ungt fólk sem vill hasla sér völl í útgerð. Eða þá að veita einhvers konar fyrirgreiðslu á meðan fólk er að koma fótunum undir sig. Mér sýnist hins vegar vilji hjá hinu opnibera ekki vera fyrir hendi og að af slíku verði ekki,“ segir Bjarni og telur að það gæti verið Byggðastofnunar að veita slíka styrki. Kvóti kosti gríðarlegan pening og harla fáir hafi þær upphæðir sem reida þurfi fram í handraðanum. „Ég er auðvitað ánægður með að mér tókst að kaupa bát, eldri bátar eru ekki svo dýrir og það er fyrsta skrefið. Síðan þarf að skapa einhverja umgjörð í kringum þetta og hún mætti vera betri,“ segir hann.

Líður vel í Grímsey

Grímsey segir hann að hafi vissulega breyst hin síðari ár og talsverð ferðaþjónusta sé þar, einkum frá vori og fram eftir hausti. „Sjávarútvegurinn verður hins vegar alltaf



■ Drifa Hrund Ríkarösdóttir, kærarasta Bjarna, með vænan þorsk. Hann segir við núverandi aðstæður nánast ógjörning fyrir ungt fólk að koma undir sig fótunum í útgerð og gera hana að starfi árið um kring. Verð á kvóta sé hátt og ekki á allra færi að kaupa.



■ Bjarni Reykjálín Magnússon gerir út sómabát frá Grímsey, er nú á strandveiðum og þær hafa farið þokkalega af stað

HAFNIR DALVÍKURBYGGÐAR



DALVÍKURBYGGÐ



Frábær þjónusta við skip og báta
Löndunarþjónusta



Fiskmarkaður
Vélsmiðjur
Ísstöð

Flutningaþjónusta
Karaframleiðsla
Karaviðgerðir

Góð þjónusta við áhafnir

DALVÍK



HAUGANES



ÁRSKÓGSSANDUR



Vaktsími hafna: 460-4935 | Nánari upplýsingar á www.dalvikurbyggd.is/hafnir

grunnurinn fyrir heilsárs búsetu í eyjunni. Það er gott að hafa meira með og mjög gaman að sjá hvað eyjan er vinsæl meðal ferðamanna,“ segir hann. Einnungis 25 manns bjuggu í Grímsey á liðnum vetri en mikil fjölgun verður jafnan á vorin þegar ferðaþjónusta fer í gang sem og strandveiði sem talsvert er stunduð frá Grímsey. Þrír til fjórir bátar eru gerðir út frá Grímsey allt árið og hefur þeim fækkað með árunum af ýmsum ástæðum, m.a. hækkandi aldri. Einn sjómaður á svipuðum aldri og Bjarni hætti með sína útgerð nýverið, enda óheyrilega mikil vinna að baki og tekjur litlar.

Náði sér eftir vinnuslys

„Ég hef áhuga á að búa hér áfram. Ég er fæddur hér og uppallinn og líður vel hér,“ segir hann en með honum býr kærastan, Drifa Hrund Ríkarösdóttir frá Selfossi. Hún rær af og til með Bjarna, sem einnig hefur komið sér upp vinnuvélum og

gerir þær út m.a. í sjómokstur og fleiri verkefni til að hafa meðfram útgerðinni.

„Til að búa hér til framtíðar þurfa að vera fyrir hendi atvinnutækifæri í sjávarútvegi yfir allt árið. Það eru þau sem skapa grunn að heilsársbúsetu í eyjunni,“ segir hann er Bjarni hefur þrátt fyrir ungan aldur reynt að ekki er sjálfgefið að búa við góða heilsu. Hann lenti í slæmu vinnuslysi á Akureyri árið 2017 sem varð honum mikið áfall.

„Það er mjög erfitt þegar fótunum er kípt undan manni á þessum aldri,“ segir hann en slysið varð þegar hann var 18 ára gamall. „Þarna áttu bestu árin að vera björt og fögur fram undan en tíminn fór í að ná sér upp eftir slysið, stunda endurhæfingu á Reykjalundi, peningaleysi, þunglyndi. Þetta var sársaukafullur tími. En sem betur fer fékk ég góða hjálp og lærði að lifa með þessu og tel mig núna vera á góðum stað í lífinu,“ segir Bjarni.

alvar.is

PROTECT
PRODUCT
& PEOPLE

MIST



**Háðu varnarbaráttuna
gegn sýkingum, smiti
og kostnaði með einu
heildstæðu kerfi**

*Gledilega
sjómanna dagshátíð!*

ALVAR úðakerfin dreifa þéttum sóttþreinsandi úða í valin rými verksmiðju út frá því hvað er hagkvæmast fyrir stærð hvers rýmis. Þéttur úðinn tryggir djúpa sóttþreinsun á búnaði, alveg niður í minnstu glufur milli véla.

Með ALVAR kerfi er framleiðsla og orðspor fyrirtækisins tryggari og matvælaöryggi stórbætt. Þá dregur ALVAR úr vatns- og efnanotkun.

ALVAR Mist Core kerfið sóttþreinsar sjö þúsund fermetra verksmiðju á aðeins 30 mínútum, dregur úr vatnsnotkun um meira en 90% og minnkar efnanotkun um meira en 70%. Sóttþreinsunin útheimtir enga viðbótar vinnu starfsfólks.

Fjárfestingin í ALVAR borgar sig að jafnaði á innan við ári.

PROTECT
PRODUCT
& PEOPLE



ALVAR

Iceland
ALVAR Mist ehf.
Fiskislóð 37 B
101 Reykjavík
info@alvar.is
+354 550 8300



Allt gert til að minnka togmótstöðu veiðarfæra

Ísfell er leiðandi fyrirtæki í sölu, þjónustu og hönnun á veiðarfærum. Í vöruþróunarvinnu fyrirtækisins er lögd rík áhersla á að vera í góðum samskiptum við birgja, útgerðir, sjómenn og viðskiptavini, til að heyrja þeirra kröfur og væntingar. Þetta er gert með það að leiðarljósi að bæta vörur og þjónustu til viðskiptavina fyrirtækisins.

Ísfell M1771 makriltroll

Síðustu misseri hefur Ísfell þróað nýtt flottroll sem heitir „Ísfell M1771“ og fer fyrsta útgáfa af því í notkun á komandi makrilvertið að sögn Birkis Agnarssonar veiðarfæratæknis í þjónustustöð Ísfells í Vestmannaeyjum. Framendi trollsins er fjögurra byrða svokallað „wide body“, en þá er trollopið meira lárétt en lóðrétt. Það er útbúið úr Dyneema köðlum með yfirfléttaðri kápu. Með því er hægt að grenna kaðlana og minnka togmótstöðu til mikilla muna en belgurinn er úr nylonneti eins og pokinn.

Trollið lofar mjög góðu og eru allar opnunartölur eins og við var búist en búið er að reyna það í tilraunatanknum í Hirtshals í Danmörku.

M1771 trollið verður öllum líkindum léttara í drætti en gengur og gerist. „Það er þó ekki auðvelt á þessari stundu að segja hversu mikið léttara það verður í samanburði við önnur troll á markaðnum þar sem um nýjung er að ræða og mun tíminn leiða í ljós hvernig trollinu muni vegna á komandi makrilvertið. Við höfum gert allt til þess að lágmarka togmótstöðuna, t.a.m. notað T90 í hluta belgsins og pokann en allt skiptir þetta miklu máli. Það eru því spennandi tímar framundan hjá okkur starfsmönnum Ísfells en fyrirtækið er að fara inn á erfiðan markað,“ segir Birkir og bætir við: „Við heyrum að það er brýn þörf fyrir alvöru samkeppni í þessum geira og þetta troll lofar mjög góðu.“

2024 rækjutroll

Á Húsavík er ein af þjónustustöðvum Ísfells á Norðurlandi og þar hefur verið unnið að því að endurbæta hönnun á „Ísfell-AngCos“ ásamt Lukku-rækjutrollinu og segir Kári Páll Jónasson netagerðarmaður að þetta séu nýjustu útfærslur af þessum vel heppnuðu trollum. AngCos rækjutrollið er með yfir 40 ára sögu að baki og nýjasta útgáfan „Ísfell-AngCos 2024“ hefur farið í gegnum tölvuhermun og tankprófanir þar sem hönnun var breytt til að fínstillast það fyrir betri opnun, bæði lóðrétt og lárétt.


„Nýtt HDPE netaefni býður upp á minna þvermál garnsins sem gerir það að verkum að við getum dregið úr togmótstöðunni og aflahlutfallið eykst. Í vetur höfum við selt rækjutroll í fjölmarga togara sem draga tvö til þrjú troll í einu,“ segir Kári.



■ Rækjutroll Ísfells koma frá þjónustustöð fyrirtækisins á Húsavík. Þau notuð í Grænlandi, á Íslandsmiðum og í Barentshafi.



■ Double Dyform togvir frá Bridon-Bekaert er með framúrskarandi brot- og slitþol.



■ Fyrsta uppsjávartroll Ísfells, M1771, er nú tilbúið fyrir makrilvertiðina í ár.

Grænlandskir viðskiptavinir Ísfells hafa notast við Lukku-troll á heimamíðum sínum, ásamt því að AngCos veiðarfærin njóta vinsælda hjá útgerðum í Eystrasaltsríkjunum, Hollandi, Noregi til veiða í Barentshafinu og víðar. Auk þeirra eru íslensk skip að nota Lukku-trollið.

Double Dyform frá Bridon-Bekaert

Ásamt trollum er Ísfell umsvifamið í togvörum og hefur verið umboðsaðili Bridon-Bekaert á Íslandi í áratugi. Síðastliðna mánuði hefur fyrsti íslenski togarinn prófað nýjustu togvirana frá Bridon-Bekaert, Double Dyform, með góðum árangri að sögn Grétars Björnssonar sem sér um virapjónustu fyrirtækisins.

„Þórunn Sveinsdóttir VE er með þessa togvira um borð og nú erum við að fara að afhenda nýju Sigurbjörgu ÁR sömu togvira. Skipið verður afhent Ísfélagið fljótlega og verður það með Double Dyform vir á öllum fjórum spilunum,“ segir Grétar. „Double Dyform virinn hefur meira brotþol og framúrskarandi slitþol, þannig að hann ætti að endast lengur. En þetta er bara byrjunin,“ bætir hann síðan við og segir að með meiri styrk sé hægt að minnka þvermálið, til dæmis úr 30 mm í 28 mm, þannig að það verður minni þyngd á tromlunni og minni togmótstaða.

isfell.is

velfag.com

75% af bolfiski veiddum af íslenskum frystitogurum er unninn með fiskvinnsluvélum frá VÉLFAGI


Til hamingju með daginn!

Vélfag óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn

effekt.is



VÉLFAG
INTELLIGENT PROCESSING



■ Alls eru átta tegundir af styrjum til í heiminum og er ætlunin að til viðbótar hvitstyrjunum komi þrjár tegundir í stöðina í Ólafsfirði í nánustu framtíð.

Styrjuhrognaframleiðsla hafin í Ólafsfirði

„Ég brenn fyrir styrjueldi. Við höfum einstaklega góðar aðstæður hér á landi til styrjueldis með nýtingu á heita og kalda vatninu okkar og framleiðslu á styrjuhrognum, verðmætustu afurð sem sjávarlífvera gefur af sér. Þetta er líka vistvæn og sjálfbær framleiðsla, við erum ekki að slátra fiski til að ná hrognunum heldur notum við náttúrulegar aðferðir og þannig gæti ég áfram talið. Fyrir svo utan að styrjurnar eru mjög skemmtilegar lífverur sem er gaman að umgangast,“ segir dr. Eypór Eyjólfsson, stjórnarformaður Hins Norðlenska Styrjujfelags ehf. sem hefur hafið framleiðslu á styrjuhrognum í húsi við höfnina í Ólafsfirði þar sem áður fyrr var framleiddur saltfiskur.

Áhuginn á styrjueldi kviknaði í Kaliforníu

Kynþroska styrjur í kerjum Hins Norðlenska Styrjujfelags eru nú rösklega 130 talsins og þær stærstu nálægt 100 kílóum að stærð. Styrjueldi er sannarlega langhlaup og um margt gjörólíkt hefðbundnu fiskeldi og eiginlega væri nær að líkja þessu við landbúnað frekar en fiskeldi – jafnvel mjólkurframleiðslu eða sauðfjárrækt. En hvaðan kemur ástríða Eypórs fyrir styrjueldi?

„Á niunda áratugnum var ég forstjóri hjá Stolt Sea Farm í Asíu, sem þá var stærsta laxeldisfyrirtæki í heimi. Fyrirtækið átti á þessum tíma líka styrjueldi í Kaliforníu og við seldum styrjukaviarinn frá Bandaríkjunum á Asíumarkaði. Svo liðu árin en það var eitthvað við styrjueldi sem höfðaði sterkt til mín en ég hafði kynnst styrjuhrognum fyrst þegar ég lærði í Sovétríkjunum á sínum tíma. Mér þóttu styrjuhrogn mjög áhugaverð afurð



■ „Styrjurnar eru skemmtilegar lífverur og ólíkir karakterar,“ segir Eypór sem virðir fyrir sér minnstu styrjurnar í stöðinni sem hér eru nokkurra vikna gamlar.

en mér fannst líka strax mjög áhugavert að skoða hvort ekki væri hægt að nýta þá frábæru kosti sem við höfum í íslenskri náttúru til að ala styrjur til hrognaframleiðslu á Íslandi. Hér er aðgangur að miklu vatni, jarðvarma og sjó. Við höfum því góðar náttúrulegar aðstæður og í mínum huga er algjörlega skýrt að við verðum að


huga mjög vel að því hvernig við nýtum best þá dýrmætu auðlind við eigum í vatninu okkar,“ segir Eypór.

Gamall draumur orðinn að veruleika
Styrjueldið í Ólafsfirði hefur átt sér langan aðdraganda. Eypór og japanskur eiginmaður hans, Junya Nakano, sem var

menntaður fiskeldisfræðingur, keyptu jörðina Bakka í Ólafsfirði árið 2005 með þær fyrirætlanir í huga að hefja þar styrjueldi. Þau áform fengu þó sviplegan endi haustið 2008 þegar Junya fórst í bilslýsi hér á landi. Eypór hélt þó hugmyndinni um styrjueldi á Íslandi áfram vakandi næstu árin, kannaði áhuga Stolt Sea Farm á að

SJÓMENN

Til hamingju með daginn!



STF

STYRKUR TRYGGÐ FORYSTA

Stéttarfélög fyrir stjórnendur

Aðildafélög okkar um land allt eru:



www.stf.is



■ Jafnt og þétt stækkar styrjueldi Hins Norðlenzka Styrjuvelags ehf. í Ólaffirði. Hér er dr. Eyþór Eyjólfsson (th.) ásamt dr. Peter Steinbach sem hefur mikila þekkingu á styrjum og styrjueldi og hefur unnið að þróun og uppbyggingu stöðvarinnar í Ólafsfirði.

koma að styrjueldi á Íslandi en þær fyrirspurnir leiddu til þess að Eyþór hóf að vinna með fyrirtækinu að uppbyggingu flúrueldis við Reykjanesvirkjun.

„Svo liðu árin en einn áfanginn í að þetta varð að veruleika hér í Ólafsfirði var að hér var stofnað Framfarafélag Ólafsfjarðar og í kjölfar þess fékk ég hvatningu um að koma með hugmyndir um fiskeldi í Ólafsfirði. Skoðun á þeim kostum leiddi svo til þess að ég byrjaði að ala styrjur við hlið flúrueldisins við Reykjanesvirkjun og þær eru grunnurinn að þessu eldi sem við erum komin með hér í Ólafsfirði í dag,” segir Eyþór en meðeigendur hans í Hinu Norðlenzka Styrjuvelagi eru Framfarafélag Ólafsfjarðar, einstaklingar og fyrirtæki bæði í Ólafsfirði og annars staðar á landinu.

240 milljóna ára saga styrjunnar

Styrja sem slík er fyrir Íslendingum mjög framandi fiskur. Það tekur um sjö ár að ala hana þar til hún verður kynþroska og óhætt er því að tala um að styrjueldi sé mikið þolinmæðisverk.

„Þetta er fiskur í útrýmingarhættu og sem hefur ekkert breyst á 240 milljónum ára. Við skulum hafa í huga að þegar risaeðlurnar gengu um á jörðinni þá var styrjan til í þeirri mynd sem við þekkjum hana í dag. Óneitanlega ber maður því mikla virðingu fyrir þessari lífveru og full ástæða til,” segir Eyþór.

Hin verðmætu og eftirsóttu styrjuhrogn

Styrjuhrognin eru það sem allt snýst um enda verðmætasta afurð sem sjávarlífvera í heiminum gefur af sér. Einmitt vegna þess hversu verðmæt styrjuhrognin eru segir Eyþór að kostnaður við flutning hrognanna á fjarlægum markaði í Asíulöndum skipti í reynd litlu máli og á þann hátt skipti staðsetning framleiðslunnar engu máli.

„Þó svo að við horfum til möguleika á að selja íslensk styrjuhrogn á mörkuðum í Asíulöndum, og sérstaklega í Japan þar sem ég þekki vel til, þá finn ég að það er mikill áhugi í ferðaþjónustunni á Íslandi að bjóða þessa vöru til efnaðra ferðamanna sem koma hingað til lands. Við erum til dæmis með ferðamenn hér í næsta nágrenni Ólafsfjarðar, sem þekkjja, vilja og geta borgað fyrir þessa afurð og finnst einstakt að hún sé framleidd hér á norðurströnd Íslands með sjálfbærum hætti í hreinni íslenskrí náttúru, líkt og við státum af. Við ætlum okkur fyrst og fremst í byrjun að byggja upp imynd norðlensks styrjueldis og leggja grunn að markaði fyrir okkar framleiðslu hér á landi. Síðan horfum við út fyrir landsteinana eftir því sem starfsemin byggist upp og þar eru mörg tækifæri,” segir Eyþór.



■ Styrjuhrognin eru það sem allt snýst um, heimspekkta vara og í reynd verðmætasta afurð sem nokkur sjávarlífvera gefur af sér. Hér eru styrjuhrogn frá Hinu Norðlenzka Styrjuvelagi en kaviarinn hefur verið borinn fram á veitingastaðnum Moss í Bláa Lóninu. Myndina tók Agnar Sverrisson, Michelin matreiðslumeistari staðarins. Eftir að hann hafði heimsótt stöðina í Ólafsfirði og hrifist af starfseminni og framleiðslunni tók hann kaviarinn á matseðil Moss.

Ný aðferð við hrognatöku breytti öllu

Líkt og Eyþór nefnir er styrja í útrýmingarhættu í sínu náttúrulega umhverfi og ástæðan er sú að henni hefur verið slátrað og hún skorin til að ná í hin verðmætu hrogn. Þetta er hins vegar ekki gert í styrjueldinu í Ólafsfirði. Þar nota Eyþór og hans samstarfsfólk náttúrulega aðferð til að kalla fram hrygningu með stroki. Eftir hrygninguna fara styrjuhrygnurnar síðan í kerin sín á nýjan leik og við tekur nýtt hrygningartímabil. Þetta er einkaleyfisvarin aðferð sem þróuð var í Þýskalandi og Eyþór náði samningum um að fá að nota í hrognaframleiðslunni í Ólafsfirði. Það er því grundvallarmunur á mynd styrjueldisins í því formi sem það er í Ólafsfirði og þess að slátra fiskinum líkt og áður var alfarið tíðkað með veidum á styrju. Styrjuhrygnurnar í kerjunum í Ólafsfirði eiga langa og bjarta framtíð fyrir höndum, ef svo má að orði komast, og gefa af sér hrogn ár eftir ár.

Hrognamagnið sem hver styrjuhrygna gefur af sér við hrygningu er um 10% eigin þyngdar í hrognum og þegar þegar haft er í huga að verðmæti hrognanna er talið í hundruðum þúsunda á kíló þá gefur auga leið að það er mikill ávinningur í hverri

hrygnu sem með þessu náttúrulega hrygningarferli gefur af sér hrogn ár eftir ár. „Og þannig horfum við á hverja hrygnu og komum fram við þær af mikilli virðingu. Þær eru okkar aðal verðmæti,” segir Eyþór en í eldinu í Ólafsfirði eru eingöngu hvítstyrjur sem eiga uppruna sinn í Ameríku.

„Við erum með áform um að taka inn þrjár tegundir til viðbótar af fullþroska styrjum sem áfanga á þeirri braut að fjölgja styrjum í hrygningu og auka þannig framleiðsluna,” segir Eyþór en átta tegundir af styrjum eru í eldi í heiminum í dag.

Mun skapa bein og afleidd störf

Í eldihúsinu við Ólafsfjarðarhöfn eru styrjur á öllum aldri, allt frá styrjum nýkomnum úr klaki til kynþroska og fullvaxinna styrja. Fyrirtækið fékk hrogn í fyrsta sinn í fyrra og aftur nú í vetur en hrognin hafa verið unnin hjá Knolli ehf. í Ólafsfirði. Vinnsluástaða og afurðapökun segir Eyþór að komi þó til með að verða í framtíðinni í stöðinni sjálfri.

„Ég sé fyrir mér að styrjueldið okkar komi til með að skapa störf, sérhæfð störf, störf við markaðsmál og ýmislegt



■ Aðgangur að góðu vatni er lykkatriði fyrir styrjueldið, bæði köldu vatni og heitu.

annað. Það verða líka til afleidd störf af þessari atvinnustarfsemi þegar fram líða stundir og það er jákvætt fyrir stað eins og Ólafsfjörð. Ég vonast til þess að á næstu tveimur árum verðum við komin með stöðina í óskastærð í eldi. Það er markmiðið,” segir Eyþór.

Litur fyrst og fremst á sig sem bónda

Þó svo að orðið eldi sé notað um styrjuhrognaframleiðsluna segist Eyþór í reynd ekki hugsa um þessa starfsemi sem fiskeldi í hefðbundnum skilningi.

„Ég lít fyrst og fremst á mig sem bónda. Fyrir mér er þetta eins og að vera með búfé, mjólkurkúr til samanburðar. Mjólkurframleiðendur hlúa að sínum kúm og gera allt til að þær gefi sem best af sér og sama er með styrjurnar. Við höldum líka stofninum við með klaki úr okkar eigin styrjum og þannig er þetta náttúruleg hringrás. Þessu til viðbótar er ég líka eins og hver annar bóndi hvað það varðar að umgangast þessi dýr frá degi til dags, þekkjja styrjurnar í sundur og veit að þetta eru ólíkir karakterar. Þetta er eitt af því sem gerir það skemmtilegt að vera styrjubóndi,” segir dr. Eyþór Eyjólfsson.

RAFSTÖÐVAR & HÁPRÝSTIDÆLUR

RAFSTÖÐVAR sem sniðnar eru að þínum þörfum taka við ef rafmagnið fer af svo starfsemin getur haldið áfram óbreytt.

HÁPRÝSTIDÆLUR fyrir litil og stór verkefni, allt eftir þínum þörum.



CGM
TRUST YOUR POWER



Kíktu í vefverslun okkar DYNJANDI.IS til að sjá möguleikana eða hafðu samband og fáðu faglega ráðgjöf hjá starfsfólkinu okkar.



Skeifunni 3h · Sími: 588 5080 · dynjandi.is

Fljúgandi byrjun hjá Netastovunni í Klakksvík

Það er ekki á hverjum degi sem nýtt netaverkstæði tekur til starfa en Netastovan í Klakksvík í Færeyjum tók til starfa á síðasta ári. Eitt af fyrstu verkefnum Netastovunar var að afgreiða veiðarfærapakka um borð í frystitogarann Gadus sem er í eigu JFK. Netastovan er samstarfsverkefni JFK, eins stærsta útgerðaraðila Færeyja, íslenska veiðarfærafyrirtækisins Ísfells og netagerðarmannsins René Havmand en hann stýrir Netastovunni.

„JFK sá ákveðna þörf fyrir samkeppni í þessum geira, þannig að þeir hafa stutt vel við þetta verkefni og Ísfell hefur líka

átt stóran þátt í að koma Netastovunni í gang,“ segir René og bætir við að það sé töluvert samstarf á milli fyrirtækja. Frystitogarinn Gadus var vel búinn Arctic 101 og 127 trollum sem voru sett upp og afhent af teyminu hjá Netastovunni, ásamt Bridon togvírur og Rock trollhlerum.

„Við erum að útvega skipum JFK veiðarfæri. Fyrst var það Gadus en nú hafa bæst við átta tvílembingstogarar og rækjutogarinn Arctic Viking. Þetta er frábær byrjun og þökkum við JFK kærlega fyrir að treysta okkur í þetta verkefni með þeim. Við erum hins vegar ekki að út-

vega veiðarfæri fyrir uppsjávarskípin þeirra Borgarinn og Norðingur, eins og er,“ sagði René.

Fyrir utan veiðarfærin fyrir JFK-flotann hefur Netastovan framleitt veiðarfæri fyrir flota Faroe Origin og einnig fyrir verksmiðjutogarann Akraberg sem nú er að veiða í Barentshafi með Arctic 101 og 470 trolli. Auk þess pantaði Royal Greenland tvö Baccalao botntroll frá Netastovunni fyrir togarann Sisimiut. Grænlencki rækjutogarinn Svend C fær einnig par af rækjutrollum frá Netastovunni.

„Okkur hefur verið mjög vel tekið. Við fengum góða byrjun með verkefnum JFK en nú erum



■ Troll frá Netastovunni tilbúið til að fara um borð í togarar.



■ Netastovan útvegaði Arctic 101 og 127 troll fyrir frystitogarann Gadus.



■ Starfsemi hófst hjá Netastovunni í Klakksvík á síðasta ári og er fyrirtækið nú með tíu starfsmenn.

við að útvega veiðarfæri til annarra fyrirtækja líka. Þetta lítur því mjög vel út. Við erum alltaf að tala við skipstjórana þannig að fleiri viðskiptavinir eiga vonandi eftir að koma til okkar,“ segir René Havmand.

Hjá Netastovunni starfa tíu manns en þegar mest var að gera voru starfsmenn fjórtán talsins.

„Við getum tekið inn aukafólk þegar álagið er meira en venjulega og það eru alltaf sjómenn sem eru tilbúnir að vinna með okkur þegar þeir eru ekki á sjó.“

Þrátt fyrir að áherslan hafi verið á botntroll hingað til þá er Netastovan með hönnun á uppsjávartrollum á teikniborðinu og er nú þegar bókaður tími í tilraunatank til að prófa trollin.

„JFK vill fá þetta fyrir Borgarinn og Norðingur. Til að byrja


með erum við að spá í troll fyrir makríl og síðan kolmunna. Við höfum verið að ræða við skipstjórana og tækniteymi JFK til að vera viss um hvað þeir eru að leita eftir,“ sagði René.

Auk togveiðarfæra er Netastovan einnig með umboð fyrir Bridon-Bekaert togvírana fyrir Færeyjar, Grænland og Danmörku. Þar að auki er Netastovan með strekkingarvél í Færeyjum til að spóla togvír um borð í skip. Hægt er að fara með þessi færanlegu tæki hvert sem er til að spóla vírum um borð í togskipin þannig að nýjum vír er spólað á tromlur undir jöfnu og stöðugu álagi. Þetta skilar sér í bestu mögulegu röðun á tromlunum og stuðlar að lengri endigartíma.

isfell.is

SJÓMENN – TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

Reimalausnir fyrir alla flutninga



Sterkbyggðu M5085 böndin eru einstaklega þrifavæn



Erum sterk í öllum matvælaböndum hvort sem er á sjó eða landi



Lestarbönd í miklu úrvali



GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRÚSSON EHF.

TIL HAMINGJU MEÐ SJÓMANNADAGINN

Við tökum útstímið með ykkur

Tækniskólinn 
skóli atvinnulífsins



■ Innan skamms tekur Ísfélagið á móti togaranum Sigurbjörgu ÁR.

Mynd: tölvuteikning/Nautic



■ Guðbjörg GK-9 biður þess að hefja veiðar síðar á árinu fyrir Stakkavík í Grindavík.

Mynd: Jón Steinar Sæmundsson

Ný skip væntanleg og á teikniborðinu

Þessa stundina eru átta nýsmíðar fiskiskipa í stærri kantinum hjá íslenskum útgerðum, allt frá því að skipin eru nánast tilbúin til afhendingar og allt yfir í að vera á hönnunarstigi. Það minnsta þeirra, Guðbjörg GK-9, er raunar tilbúið hjá Skipasmíðastöð Njarðvíkur en útgerð þess, Stakkavík í Grindavík, áformar að taka skipið í notkun í upphafi nýs fiskveiðiárs í haust. Til viðbótar þessum nýsmíðaverkefnum er nýtt hafrannsóknaskip væntanlegt í lok árs.

Systurskipin Hákon og Ásgrímur Halldórsson í uppsjávarflotann

Tvö þessara skipa eru systurskip, 75 metra uppsjávarskip frá Karstensens skipasmíðastöðinni í Skagen í Danmörku. Annars vegar nýr Hákon ÞH fyrir Gjögur hf. og hins vegar nýr Ásgrímur Halldórsson SF fyrir Skinney-Þinganes á Höfn. Nýr Hákon ÞH kemur í stað samnefnds skips sem smíðað var árið 2001 í Chile. Ásgrímur Halldórsson SF er aftur á móti smíðaður í Noregi árið 2000 en Skinney-Þinganes keypti skipið í Skotlandi árið 2010. Hákon

EA er væntanlegur til landsins nú á fyrrihluta sumars en áætlað er að nýr Ásgrímur Halldórsson SF verði tilbúinn undir lok árs 2025.

Sem fyrr segir eru skipin 75,4 m að lengd og 16,5 m að breidd. Þau eru búin 5.200 kW aðalvél frá Wärtilä. Í skipunum eru RSW kælitngar sem eru rúmlega 2.400 rúmmetrar að stærð.

Stakkavík valdi stálið

Skipasmíðastöð Njarðvíkur hefur lokið smíði á Guðbjörgu GK-9 og er báturinn tilbúinn til veiða þegar eigandi hans, Stakkavík ehf. í Grindavík þarf á honum að halda. Báturinn er 13 metra langur og 5,5 metra breiddur, smíðaður úr stáli og áli en tíðindum sætir að bátar af þessari stærð séu ekki smíðaðir úr plasti, líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Skipið var smíðað í Tyrklandi og flutt hingað heim þar sem Skipasmíðastöð Njarðvíkur lauk smíðinni, niðursetningu búnaðar og lokafrágangi. Guðbjörg GK-9 er hönnun frá Ráðgarði Skiparáðgjöf.

Sigurbjörg væntanleg frá Tyrklandi

Á næstu vikum er nýtt togskip Ísfélagsins, Sigurbjörg ÁR, væntanlegt til landsins en skipið var smíðað hjá Celiktrans skipasmíðastöðinni í Tyrklandi. Upphaflega samdi Rammi hf. um smíði skipsins og kemur það í stað togskipins Múlbergs ÓF en verður í flota Ísfélagsins eftir að það fyrirtæki og Rammi hf. sameinuðust undir merki þess fyrrnefnda. Sigurbjörg ÁR er rúmlega 48 m langt togskip og 14 metra breitt. Það er með 4,2 metra skrúfu, 1800 hestafla aðalvél og getur togað með þremur trollum. Skipið er hannað af Nautic ehf. og er m.a. með nýjstu útfærslu af stefni sem fyrirtækið kom fram með á sínum tíma í togurum HB Granda árið 2015; Engey, Akurey og Viðey.

Smíði Huldu á lokametrinum

Á næstu mánuðum er einnig að vænta nýs togara fyrir Þorbjörn hf. í Grindavík sem ber nafnið Hulda Björnsdóttir GK. Skipið er 58 metra langt og 13,6 metra breitt, ísfisktogari með mikilli sjálfvirkni í aflameð-



■ Hafrannsóknaskipið Þórunn Þórðardóttir HF-300 er væntanlegt til landsins í árslok.



■ Sigurbjörg ÁR var sjósett í Tyrklandi í ágúst í fyrra.

**Daglegar
fréttir**

af íslenskum
sjávarútvegi

audlindin.is

AUÐLINDIN

Auglýsingasími 898 8022
inga@ritform.is



■ Uppsjávarskipið Hákon ÞH-250 á lokametrinum í Karstensens skipasmíðastöðinni í Danmörku. Smíði er hafin á systurskipinu Ásgrími Halldórssyni SF.

ferð á vinnsludekki, frágangi í kör og sömuleiðis er lyftarabúnaður í lest sjálfvirkur. Skipið er hönnun frá verkfræðistofunni Skipasýn og er það búið 2400 kW aðalvél og er skrúfa 5 metrar í þvermál. Skipið var smíðað hjá Armon skipasmíðastöðinni í Gijón á Spáni og má nefna að þetta smíðaverkefni er ekki síst merkilegt fyrir þær sakir að Þorbjörn hf. lét síðast smíða fyrir sig skip fyrir 57 árum eða árið 1967.

Öldungurinn Bjarni vikur fyrir Þórunni
Undir lok yfirstandandi árs er áformað að nýtt skip Hafrannsóknastofnunar komi til

landsins. Nýja skipið, sem bera mun nafnið Þórunn Þórðardóttir HF-300, mun koma í stað Bjarna Sæmundssonar sem hefur þjónað við hafrannsóknir í 54 ár. Skipið er um 70 m langt og 13 m breitt. Mikil áhersla var í hönnunarferli þess lögð á að það væri eins umhverfisvænt og sparneytið og unnt er en um er að ræða tviorkuskip með rafknúnum skrúfum. Meginorkugjafi er olía en einnig eru stórar rafhlöður um borð sem stuðla að betri orkunýtingu. Skipið er smíðað í Armon skipasmíðastöðinni í Vigo á Spáni.




■ Nýr Júlíus Geirmundsson ÍS verður 67 metra langur.

Nýr frystitogari í stað Júlíusar Geirmundssonar

Hraðfrystihúsið Gunnvör tilkynnti í byrjun árs um samning þess við skipasmíðastöðina Astilleros Ria del Vigo í Vigo á Spáni um smíði á nýjum frystitogara í stað Júlíusar Geirmundssonar ÍS. Skipið verður 67 metra langt og 16 metra breitt, hannað af verkfræðistofunni Skipasýn. Það verður með stórrí hægengri skrúfu líkt og togarinn Páll Pálsson ÍS sem Hraðfrystihúsið Gunnvör lét smíða fyrir nokkrum árum og er einnig hönnun frá Skipasýn. Áformað er að nýr Júlíus Geirmundsson ÍS komi til landsins síðla árs 2026.

Vinnslustöðin með tvö á teikniborðinu

Loks er nú unnið að hönnun á tveimur skipum fyrir Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum. Þar er um að ræða 29 metra togskip í stað Drangavíkur VE og hins vegar togskip með möguleika á netaveiðum en slíkt skip aflagði Vinnslustöðin fyrir tveimur árum þegar togaranum Brynjólfi var lagt. Verkfræðistofan Skipasýn hefur hönnun skipanna með höndum en á dögnum var tilkynnt um hönnunarsamning við Slippinn Akureyri hvað varðar sjálfvirkt lestarkerfi.



Ísfell óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn

Með brennandi áhuga á sjómennskunni frá fyrsta degi

Björn Már Björnsson, stýrimaður á uppsjárarskipinu Vilhelm Þorsteinssyni EA hefur þrátt fyrir ungan aldur upplifað í þrígang að vera í fyrstu áhöfn á nýju fiskiskipi



„Ég er mjög þakklátur fyrir öll þau tækifæri sem ég hef fengið í sjómennskunni og ekki síst að hafa fengið að starfa hlið nokkurra reyndustu og bestu skipstjórnenda flotans. Það er dýrmætt að fá að læra af þessum mönnum og sjá hvernig topp skipstjórar nálgast hlutina og verkefni, hver á sinn hátt.“ segir Björn Már Björnsson, 1. stýrimaður á uppsjárarskipinu Vilhelm Þorsteinssyni EA. Björn Már er fæddur og uppalinn Dalvíkingur, lærdur smiður sem missti starfið í hruninu og fór þá að vinna í löndun í heimabænum. Fljótlega bauðst tækifæri til að fara tús á togara, svo kom næsta sjómenskutilboð og svo koll af kolli. Ekki varð aftur snúið og innan fárra ára var Björn Már kominn í Stýrimannaskólann og búinn að setja sér skýr markmið í sjómennskunni.

Löndunarkall og togara-sjómaður til skiptis

Fyrsta túrin fór Björn Már á ísfisktogaranum Björgvin EA á og heillaðist strax af sjómennskunni. Síðar bauðst honum svo að fara tús á togurunum Björgúlfi EA á Dalvík og Baldvin NC sem er í eigu dótturfélags Samherja en þá var skipið að fiska þorsk við Grænland og landa hér heima.

„Ég fékk frí í lönduninni gegn því að ég tæki þátt í að landa úr skipinu og þetta gerði ég nokkra tús í röð, landaði með strákuþum og fór svo með skipinu út aftur. Ég fékk svo aftur tækifæri að fara í tús á Björgúlfi en sumarið 2012 fékk ég svo boð um að fara á Árbak EA. Þetta haust er eftirminnilegt öllum sem voru á Árbak því við mokveiddum og í minningunni er þetta haust ein samfelld gleði hjá okkur í áhöfninni. Kaflinn á Árbak er hið eiginlega upphaf mitt í sjómennskunni en það var svo strax í ársbyrjun 2013 sem Guðmundur Ingvar skipstjóri spurði mig hvort ég vildi ekki stíga skrefið til fulls og

”

Það er á engan hallað þó ég segi að áhöfnin á Vilhelm Þorsteinssyni er sú besta sem ég hef verið í.“

drífa mig í Stýrimannaskólann. Þarna var ég alveg að drepast úr áhuga á sjómennskunni og eitthvað hafa skipstjórnendurnir séð í mér því í skólann var ég kominn strax eftir fyrsta tús á árinu 2013. Allt gerðist þetta því frekar hratt,” segir Björn.

Besta ákvörðun lífsins að láta áfengi lönd og leið

Björn var á námsamningi hjá Samherja meðan á stýrimannsnáminu stóð og var á togaranum Björgvin EA á sumrin og fór líka í tús í skólafríum um jól og páska. Hann útskrifaðist úr náminu vorið 2016.

„Árið 2015 tók ég vafalítið mína stærstu ákvörðun í lífinu hingað til þegar ég hætti að neyta áfengis. Ég segi við hvern sem er og hvar sem er að öl er böll, svo einfalt er það. Frá þessum tímupunkti hef ég alltaf verið við stýrið, ef svo má segja, í eigin hugsunum og gjörðum og hef síðan þá fengið frábær atvinnutækifæri sem ég tengi ekki síst við þessa ákvörðun,” segir Björn Már en strax eftir skólann fór hann tús sem 2. stýrimaður á Björgvin EA, fór svo einn mánuð togarann Baldvin NC og í



■ Björn Már segir að uppsjárveiðarnar hafi heillað og að mikil spennu fylgi þeim.

beinu framhaldi var hann sendur til Máritaníu til að sigla heim með vinnsluskipinu Kristina sem kom hingað til að veiða makríl þetta sumar.

„Þar var ég skyndilega kominn í brúna á heimleiðinni með Birni Val Gíslasyni og Arngrími Bryjólfssyni, þrautreyndum skipstjórum. Mér fannst ég bara vera eins og algjör rindill við hliðina á þessum stórstjórnunum,” segir Björn Már hlæjandi. Frá Palmas á Kanaríeyjum sigldu þeir félagar til Hafnarfjarðar þar sem skipið var gert klárt á makríl.

„Ég tók svo alla makrílvertiðina um

sumarið á Kristina, tók einn mánuð inn í milli á frystingu á Snæfellinu en lauk svo makrílnum í október á Kristina. Þarna hafði ég verið nokkuð yfir 100 daga á sjó með mjög stuttum stoppum milli skipa!“

Ósigrandi Kaldbaksmenn!

Við tók sjómannaferðfall í upphafi árs 2017 en á þessum tímupunkti bauðst Birni Má staða 2. stýrimanns á nýju ferskfiskskipi Samherja sem þarna var í smíðum, Kaldbak EA. Skipið kom til landsins í mars 2017.

„Ég kannaðist við flesta karlana á Kald-



Sjómanna dagurinn 2024

Sjómenn, til hamingju!

VM Félag vélstjóra og
málmtækninga óskar
sjómönnum og fjölskyldum
þeirra til hamingju með daginn.



VM Félag vélstjóra og málmtækninga
www.vm.is

Þak því þeir höfðu róið með föðurbræðrum mínum. Það var mikill spenn-ingur fyrir þessum nýju skipum og ég var mjög stoltur af því að hafa fengið þetta atvinnutilboð og tækifæri. Í brúnni á Kaldbak voru frábærir skipstjórar, Angantýr Arnar Árnason og Sigtryggur Gíslason. Þeir voru ósparir að leiðbeina, setja á mann ábyrgð en ég lærði líka af þeim mikilvægi þess að deila ábyrgð og ætla ekki að gera hlutina einn og sér og sjálfur. Ég á þessum tveimur mönnum mikið að þakka og á Kaldbak fékk ég fyrsta tækifærið sem 1. stýrimaður, nokkuð sem ég hafði sett mér við lok Stýrimannskólans að ná innan fimm ára. Það gerðist hins vegar innan þriggja ára á Kaldbak.

Þessi áhöfn á Kaldbak var alveg stórkostleg og mér fannst við einhvern veginn algjörlega ósigrandi. Arnar og Bóbó voru hershöðingjar og við hinir í áhöfninni stríðsmennirnir! Samheldnin í allri áhöfninni var mikil og skilaði sér í því að við urðum strax aflahæstir í togaraflotanum.“

Fyrirvaralaust í skipstjórastólinn

Eftir slétt þrjú ár á Kaldbak bauðst Birni Má enn að skipta um starfsvettvang og fara í þetta sinn í stöðu 1. stýrimanns á togaranum Smáey VE í Vestmannaeyjum sem Samherji tók á leigu um tíma.

„Þar hitti ég fyrir Hjört Valsson skipstjóra sem ég þekkti vel frá fyrri árum hjá Samherja. En svo fór það þannig að innan mjög skamms tíma fór hann annað og ég var settur í skipstjórastólinn eiginlega fyrirvaralaust. Þetta var mikill reynslutími því þarna var Covid að byrja, ég þurfti að takast á við það skipulag og hugsanlegt smit um borð og alls kyns mál, t.d. að segja upp manni í áhöfn sem aldrei er auðvelt fyrir skipstjóra að gera. Þetta var því mikil eldskírni fyrir mann sem ekki hafði verið lengur en þetta í yfirmannsstöðu á fiskiskipi,“ segir Björn Már en eftir tímann á Smáey varð hann skipstjóri á móti Hirti Valssyni á nýjum Harðbak EA þegar það skip kom til Samherja vorið 2019.

„Það var svo ári síðar sem mér bauðst að fara á uppsjávarskipið Vilhelm Þorsteinsson EA þegar það kom nýtt vorið 2020 og þetta var í þriðja skiptið sem ég var í fyrstu áhöfn á nýju fiskiskipi. Slíkt er alltaf upplifun fyrir sjómenn og eitt af því sem ég er þakklátur fyrir á ferlinum.“

Lærir í brúnni af þeim bestu í bransanum

Á Vilhelm Þorsteinsson fór Björn Már sem 2. stýrimaður og hlutverkið var þar af leiðandi ekki að vera í brú heldur stjórnandi á dekki. Það hlutverk þekkti hann mætavel frá fyrri árum en segir að margir hafi undrast þessa ákvörðun hans.

„Ég veit að mörgum þótti þetta skrytið



■ Uppsávaskipið Vilhelm Þorsteinsson EA, eitt af þremur skipum þar sem Björn Már hefur verið í fyrstu áhöfn þegar þau komu ný.




■ Björn Már ásamt félagamönnum sínum á Vilhelm Þorsteinssyni, Ægi Þormar Pálssyni.

og að ég væri að setja mig niður í met-orðastiganum með þessu eftir að hafa verið bæði 1. stýrimaður og skipstjóri. En staðreyndin var sú að þarna réði þessi ódreypandi sjómennskuá hugi minn ferðinni. Fram að þessu hafði ég bara verið á togveiðum en þekkti ekkert til nótaveiða. Ég gat bara ekki sleppt því tækifæri að komast á þetta stóra og mikla uppsjavar-

skip þegar það bauðst og var í rauninni ekkert að velja því fyrir mér þó að mitt hlutverk yrði niðri á dekki,“ segir Björn Már. Eftir þrjú ár á Vilhelm var hann þó kominn í hlutverk 1. stýrimanns og vinnur þar við hlið skipstjóranna Guðmundar Þ. Jónssonar og Birkis Hreinssonar.

„Það er á engan hallað þó ég segi að áhöfnin á Vilhelm Þorsteinssyni er sú



■ Fylgst með nótinni á loðnumiðunum. Hér þarf að hafa snör handtök og fumlauð því mjög mikill affli er í.

besta sem ég hef verið í. Guðmundur og Birkir eru einstakir fagmenn og miklir aflaskipstjórar báðir tveir. Ég á varla nægilega sterk orð til að lýsa kostum þessara manna sem stjórnendum og nýt því hvers dags í starfinu og er alltaf að læra. Eitt af þeim markmiðum sem ég setti mér og náði með því að fara á Vilhelm var að fá að upplifa loðnuveiðar með nót sem svo sannarlega er eitthvað sem ég hefði ekki viljað missa af. Flotrollsveiðarnar eru líka stórskemmtilegar en ég var svo spenntur þegar við tókum fyrsta loðnukastið að ég fór niður á dekk bara til að finna þessa sterku loðnulykt sem allir tala um. Og á þessum fáu árum höfum við fengið bæði bestu loðnuvertiðina í langan tíma og líka þá lökustu og loðnubrest nú í vetur.“

Óbilandi sjómennskuá hugi

Björn Már fer ekki dult með að brennandi áhugi á sjómennsku hafi gripið hann á sínum tíma og að þannig sé honum innan-brjósts enn þann dag í dag.

„Það var nú reyndar orðið þannig á tímabili í byrjun sjómennskunnar að ég réri svo grimmt og var svo ofboðslega áhugasamur um sjómennskuna og allt sem þessu viðkom að nánasta fjölskylda mín var farin að hafa verulegar áhyggjur af því að ég væri hreinlega að spóla yfir mig en ég setti mér fljótlega markmið í þessu og hef verið svo lánsamur að margt af því hefur ræst,“ segir Björn Már og neitar því ekki aðspurður að hann hafi metnað til að vera í skipstjórn í framtíðinni.

„Ég er alveg rólegur hvað það varðar og finnst ég vera á besta stað í sjómennskunni í dag. Auðvitað er þetta ekki alltaf tóm sæla, jafnvel þó skipið sé stórt og vel búð. Stundum reyndar bara ferlega mikið bras. En í heild sinni gaman og það skiptir öllu máli,“ segir hann og hugsar sig augnablik um svarið við þeirri lokaspurningu hvort hann hafi trú á því að hann komi til með að hafa enn jafn gaman af starfinu eftir þrjátíu ár, þá kominn á sjö-tugsaldur. „Já, veistu að í fullri einlægni sagt þá held ég að það verði þannig.“

Sjómenn – til hamingju með daginn!

RAFTÍÐNI EHF

Sími 552 8710

raftidni@raftidni.is

**rafvélaverkstæði - vindingar
skipaþjónusta - raflagnir - viðhald**

Grandagarður 16 · 101 Reykjavík



Björgunarvesti með ljósi og neyðarsendi bjarga mannlífum.
Venjum okkur á að vera alltaf í vestunum við vinnu okkar á sjó.



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið
Siglingaráð

 Samgöngustofa



■ Hjörtur Erlendsson forstjóri hringir bjöllunni þegar Hampiðjan var skráð á aðallista Nasdaq Íceland á síðasta ári. „Við horfum bjartsýn fram á veginn á þau fjölmörgu tækifæri sem biða og ætlum okkur að halda áherslunni á stöðuga nýsköpun og vöruþróun.“

Hampiðjan fagnar 90 ára afmæli

Forysta á heimsvísu

Um þessar mundir eru 90 ár liðin frá stofnun Hampiðjunnar en þetta íslenska félag hefur náð algjerri forystu á heimsvísu í framleiðslu og viðhaldi hágæðaveiðarfæra fyrir togara og nótaveiðiskíp. Höfuðstöðvar Hampiðjunnar í dag eru við Skarfabakka í Sundahöfn en þar eru aðalskrifstofurnar, netaverkstæði og aðallager fyrirtækisins á Íslandi. Hjarta framleiðslunnar er hins vegar Hampiðjan Baltic í Litháen, þar sem framleiddir eru þræðir, hnýtt net og fléttaðir ofurkaðlar auk fullbúinna veiðarfæra.

„Við eigum stofnendum og staðföstum eigendum Hampiðjunnar öll þessi 90 ár mikið að þakka fyrir þrautseigjuna og úthaldið sem hefur skilað Hampiðjinni á þann stað sem hún er í dag. Við horfum bjartsýn fram á veginn á þau fjölmörgu tækifæri sem þar biða og ætlum okkur að halda áherslunni á stöðuga nýsköpun og vöruþróun sem er forsenda þess að við getum haldið áfram vegferð okkar,“ segir Hjörtur Erlendsson, forstjóri Hampiðjunnar í samtali.

Brugðist við skorti á efnum

Það var sumsið árið 1934 sem Guðmundur S. Guðmundsson, vélstjóri og verkstjóri í vélsmiðjunni Héðni, hafði forgöngu um að safna saman 12 manna hópi manna sem tengdir voru fiskveiðum til að stofna fyrirtæki sem framleiddi garn og net úr náttúrulegum hamptrefjum. Undirbúningsfundur var haldinn laugardaginn 10. mars og stofnfundurinn var síðan haldinn fimmtudaginn 5. apríl kl. 6 síðdegis.

Helsta ástæðan fyrir stofnun Hampiðjunnar var skortur á efnum til veiðarfæragerðar en heimskreppan hafði sett ströki í þann reikning og erfitt fyrir útgerðarfyrirtæki að afla sér innfluttra veiðarfæra. Um ári eftir stofnun Hampiðjunnar voru framleiðsluvörur félagsins orðnar allsráðandi í íslenskum sjávarútvegi í stað innflutts garns og fiskilínu. Það reyndi þó mest á framleiðsluna í seinna stríðinu og fram til 1948 en þá sá Hampiðjan öllum íslenska fiskiskipaflotanum fyrir efni í veiðarfæri.



■ Gömul mynd úr netagerð Hampiðjunnar í Stakkholti en þar var framleiðslan lengi til húsa.

Úr erfiðleikum í nýsköpun

Á næstu áratugum var rekstur Hampiðjunnar bágur á kóflum. Erfiðar rekstrarforsendur vegna m.a. gengis- og tollamála stóðu fyrirtækinu fyrir þrífum auk þess sem gríðarleg samkeppni var erlendis frá.

Þá varð almenn og skyndileg breyting á efnisnotkun í botnvörpur og önnur veiðarfæri um miðjan 7. áratuginn sem gerðu flestar vélar Hampiðjunnar úreltar í einni svipan. Eigendur félagsins stóðu því frammi fyrir þeirri ákvörðun að leggja

niður fyrirtækið eða fjárfesta að nýju í vélbúnaði sem hentaði nýju efnunum. Stórhuga ákvörðun var tekin um að halda áfram og það má segja að það hafi markað upphaf stöðugrar nýsköpunar og vöruþróunar hjá Hampiðjinni. Það þurfti

Stjórn Hampiðjunnar í dag



■ Vilhjálmur Vilhjálmsson.



■ Auður Kristín Árnadóttir.



■ Kristján Loftsson.



■ Loftur Bjarni Gíslason.



■ Sigrún Þorleifsdóttir.



■ Skip við bryggju við Hampiðjuna í Neskaupstað.



■ Meginhluti framleiðslu Hampiðjunnar í dag er í Hampiðjan Baltic í Litháen.

að hanna nýjar garntegundir og kaðla og fyrirtækið gat með fullkomnum vélakosti boðið sambærilegar eða betri vörur en keppinautarnir.

Stærsta veiðarfærafyrirtæki heims

Hampiðjan hefur í dag náð forystu á heimsvísu í framleiðslu og viðhaldi há-gæðaveiðarfæra fyrir togara og nóta-veiðiskip. Félagið rekur fjölda veiðarfærafyrirtækja víða um heim og er með starfsemi á 62 stöðum í 21 landi með um 2.000 starfsmenn. Frá árinu 2013 hefur Hampiðjan rúmlega sexfaldast í stærð, frá því að velta 50 m€ í 322 m€ síðasta ár. Vöxturinn hefur verið góð blanda af sterkum innri vexti og stofnun og kaupum á félögum í veiðarfæra- og fiskeldisþjónustu. Stofnendum félagsins fyrir réttum 90 árum hefur sjálfsagt ekki órað fyrir því að litla fyrirtækið þeirra, sem barðist oft í



Hampiðjan er leiðandi á heimsvísu og rekur fjölda veiðarfærafyrirtækja víða um heim og er með starfsemi á 62 stöðum í 21 landi með um 2.000 starfsmenn.



■ Guðmundur S. Guðmundsson var einn forvígismanna að stofnun Hampiðjunnar fyrir 90 árum.

bökkum fyrstu áratuginna, yrði að stærsta veiðarfærafyrirtæki heims með starfsemi allt frá Dutch Harbor í Alaska í vestri til Timaru á Suðurey Nýja Sjálands í austri.

Þótt veiðarfæraagerð sé enn kjarninn í starfsemi Hampiðjunnar hefur það fært ört úr kviarnar á síðustu árum og haslað sér völl í skyldum greinum eins og þjónustu við fiskeldi og sölu á lyftibúnaði fyrir sjávarútveginn hér heima og erlendis, m.a. á djúpsjávartögum og sérhæfðum tögum til að nota á spil, vindur og krana á skipum. Þá er Hampiðjan með viðtæka þjónustu við sveitarfélög, verktaka og aðra framkvæmdaaðila þegar kemur að lyftibúnaði.

hampidjan.is

KONGSBERG
Hytera
ZODIAC
Seacom 200
Sperry Navigat 200 Gýrókompás

SIMRAD
JRC
JOTRON
BARTS

Simrad ST 90 sónar
Simrad ES80 dýptarmælir
Simrad CP60 Straum- og dýptarmælir
JMR-5400 Ratsjá

Askalind 2
201 Kópavogur
Simberg
Sími: 414-4414
www.simberg.is
simberg@simberg.is



■ Sæmundur Eliasson og Hildur Inga Sveinsdóttir kynna mælingar á vatnsnotkun í fiskvinnslu á fundi Accelwater á Spáni.



■ Sæmundur Eliasson þurrblæðir lax og safnar laxablóði.

Myndir: Matis

Að nýta verðmæti úr vatni og minnka ferskvatnsnotkun

Eldri rannsóknir hafa sýnt að fiskvinnslur á Íslandi nota mun meira vatn en samþærilegar vinnslur á meginlandi Evrópu, allt að því 50% meira magn. Verkefnið Accelwater sem Matis tekur þátt í snýr m.a. að því að greina ítarlega notkun vatns og tækifæri til sparnaðar. Verkefnið er til fjögurra ára og er eitt ár eftir af því en það nýtur styrkja frá Evrópu-sambandinu en auk Íslands eru þátttakendur frá Spáni, Ítalíu og Grikklandi. Fjöldmargir matvælaframleiðendur og rannsóknaraðilar taka þátt í þessu verkefni innan landanna fjögurra og fer Matis fyrir þeim rannsóknum sem gerðar eru hér á landi. Verkefnastjóri er Hildur Inga Sverrisdóttir sem vinnur ásamt Sæmundi Eliassyni og teymi vísindamanna hjá Matis að rannsóknum í verkefninu.

Á Íslandi snýst verkefnið um að bæta vatns- og orkunotkun í fiskvinnslum og segir Sæmundur að áhersla sé einkum lögð á landsvinnslu hvítfisks og landeldi laxa. Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, Útgerðarfélag Akureyringa og Samherji Fiskeldi eru þátttakendur í verkefninu á Íslandi.

Á Ítalíu er unnið að tilraunum innan virðiskeeðju í tómatarækt, kjötvinnslu á Spáni og mjólkurframleiðslu og bruggun í Grikklandi. „Þetta er mjög fjölbreytt en snýst alltaf um matvælaframleiðslu af einhverju tagi. Við erum að skoða hröðun hringrásarvatns í matvæla- og drykkjar- iðnaði hér og hvar um Evrópu með það helsta markmið að nýta verðmæti úr vatni og minnka ferskvatnsnotkun við matvælaframleiðslu þar sem tækifæri eru til,“ segir Sæmundur og bætir við að almennt sé mikið vatn notað við framleiðslu matvæla og það sé nauðsynlegt til að tryggja matvælaöryggi. Hins vegar megi ávallt gera betur, leita leiða til að fara sparlega með auðlindir.

Höfum ekki þurft að spara vatn og orku

„Við á Íslandi getum ekki kvartað. Hér hefur viðast hvar ávallt verið nægt framboð af bæði hreinu vatni og grænni orku, ýmist frá jarðvarma- eða vatnsvirkjunum. Það er líklegt að við höfum oft ekki sýnt nægilega aðgát á notkun á bæði vatni og orku. Við höfum alltaf haft svo gott aðgengi að bæði vatni og orku að við höfum



■ Stefán Þór Eysteinnsson vinnur vatns-sýni í lífmassaveri Matis á Neskaupstað.

eflaust ekki alltaf nýtt þessar auðlindir okkar nægjanlega vel,“ segir Sæmundur. Annað sé uppi á teningnum í Evrópu þar sem vatn og orka séu víða af skornum skammti og þar um slóðir þurfi virkilega að fara sparlega með hvoru tveggja. Hann bendir á að verð fyrir vatn og orku á Íslandi hafi verið í lægri kantinum miðað við Evrópulönd og það sé ef til vill ein af ástæðum fyrir mikilli nokkun. „Við um Evrópu er þetta takmörkuð auðlind og þá leita menn frekar leiða til að spara,“ segir Sæmundur.

„Sjónarmið eru að breytast hér og landi og raunar um allan heim. Fólk vill ekki sóa verðmætum, jafnvel þó nóg sé til og aðgengi gott. Þetta er annar hugsunarháttur sem nú er að ryðja sér til rúms, stemningin er orðin önnur en hún áður var. Nú er meira horft til þess að nýta hlutina betur, draga úr notkun þar sem það er hægt. Fólk er að átta sig á að auðlindir eru ekki endilega óþrjótandi og það er betra að fara sparlega með þær,“ segir hann.

Mikil tækifæri til að fara betur með Sæmundur segir að rannsóknir hafi leitt í ljós að fiskvinnslur noti oft töluvert meira vatn en þörf er á. „Þar eru mikil tækifæri fyrir hendi að gera betur og við munum nýta þann tíma sem eftir er af verkefninu



■ Seyra úr fiskeldi sem getur nýst sem næringarríkur áburður.

til að skoða ýmsa möguleika í þeim efnum.“

Nefna má varðandi hvítvinnslur að talsvert magn próteina skolast út í frárennslíð. Er verið að skoða á hvern hátt megi nýta það. „Við erum að rannsaka hvort hægt er að fanga þetta prótein úr kerfinu, hreinsa það frá fráveituvatninu og gera úr því hliðarafurð af einhverju tagi,“ segir hann.

Verkefni um áburðarframleiðslu úr seyru lofar góðu

Í landeldi er einnig verið að rannsaka aukna nýtingu úr því sem til fellur og er í gangi verkefni sem miðar að því að nýta sem mest af því sem fellur til og draga um leið úr sóun. Rannsóknin gengur út á að safna saman fiskeldisseyru sem inniheldur mikið magn verðmætra næringarefna, svo sem fosfórs og geti því hentað vel til áburðarframleiðslu. „Við flytjum inn mikið magn áburðar með tilkostnaði þannig að það er til mikils að vinna ef við náum að framleiða áburð hér á landi,“ segir hann. Nægilegt magn yrði fyrir hendi til áburðarframleiðslunnar en Sæmundur segir að helst strandi á reglugerðarumhverfinu í kringum framleiðsluna. Þær reglugerðir sem nú eru í gildi eru gamlar, frá því áður en landeldi hófst að einhverju



■ Próteinfroða safnast undir vatns-skurðarvél í fiskvinnslu.

ráði. Samkvæmt reglugerðinni er því litið á seyruna sem hættulegan úrgang sem þurfi að farga með viðeigandi hætti. „Það er búið að leysa flest þau tæknilegu vandamál sem fyrir hendi voru og er í raun ekkert að vanbúnaði að hefja söfnun seyrunnar en reglugerðin er til trafala, hún gerir ekki ráð fyrir að hægt sé að nýta þessa hliðarafurð sem frá landeldinu kemur,“ segir hann en bætir við að yfirstandandi sé skoðun á reglugerðinni sem gæti liðkað til.

Annað verkefni sem einnig hefur verið í gangi í sambandi við landeldið er að nýta það blóð sem fellur til við slátrun fiskanna. Þeim yrði þá slátrað með öðrum hætti en nú, látið þurrblæða og hreinu og ómengduðu blóði safnað saman í stað þess að hleypa því út í fráveitukerfi. Möguleiki væri á að nýta þessa afurð til að framleiða járnþætiefni fyrir fólk. „Það er mikill ávinningur ef okkur tekst að nýta bæði seyru og blóð til að framleiða verðmætar vörur. Við munum nýta það ár sem eftir er af verkefninu til að koma þessum verkefnum okkar í farveg og höfum góðar væntingar um að vel mun ganga,“ segir Sæmundur.

.....
matis.is
.....



**VIÐ GERUM
ÚT Á GÓÐA
ÞJÓNUSTU**



Héraðsprent

FJARÐABYGGÐARHAFNIR

- Mjóafjarðarhöfn
- Norðfjarðarhöfn
- Eskifjarðarhöfn
- Mjóeyrarhöfn
- Reyðarfjarðarhöfn
- Fáskrúðsfjarðarhöfn
- Stöðvarfjarðarhöfn
- Breiðdalsvíkurhöfn



Sjómenn
– til hamingju
með daginn!



FJARÐABYGGÐ
www.fjardabyggd.is

Gleðilega sjómanna dagshátíð!

AGS fiskmarkaður
Grímsey



Hvalur hf.
Reykjavíkurvegi 48
220 Hafnarfjörður

FISKMARKAÐUR
SNÆFELLSBÆJAR

 **Háskólinn**
á Akureyri
University
of Akureyri

FRYSTIKERFI
RÁÐGJÖF EHF
SÍMI 5771444 – WWW.FRYSTIKERFI.IS

BEITIR
EHF

VESO[®]


HAFNARFJARÐARHÖFN

matís

VÉLTAK
Stofnað 1970

LVF

HYDROSCAND
SLÖNGUR OG TENGIBÚNAÐUR

málning
-það segir sig sjálft-

FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

HD

EIDARFÆRA
ÞJÓNUSTAN
ehf


HAFNIR
ÍSAFJARÐARBÆJAR

SEGULL

eyjabiti

Fiskmarkaður
Þórshafnar ehf.

BSI á Íslandi
Skipaskoðun **um allt land**

FISKISTOFA

FMS
Fiskmarkaður Suðurnesja

SKIPARADIÓ
MARINE ELECTRONIC SERVICE

Vinnslustöðin
Vestmannaeyjum **VSV**

BYGGÐASTOFNUN

SEL
Set ehf • Röraframleiðsla

GRUNDAFJARÐARHÖFN

FISK
KAUP HF

Slippurinn
AKUREYRI

ÖLFUS
olfus@olfus.is
thorlakshofn.is

SJÓMANNADAGSKVEÐJA
– dagurinn er ykkar

RITSYN
Trade Shows



ICELAND FISHING EXPO
Sjávarútvegur 2025
Laugardalshöll



Ferskleiki fisksins skiptir öllu máli

Fiskikassarnir frá Tempru eru hannaðir út frá vísindalegum rannsóknum með það að markmiði að viðhalda ferskleika fisksins lengur en sambærilegar umbúðir.

Temprukassarnir sjá til þess að íslenskur fiskur kemst ferskur á borð neytenda um allan heim.


TEMPRA
 einangrun - umbúðir

„Starf Slysavarna- skólans á stóran þátt í fækkun slysa á sjó“

segir Bogi Þorsteinsson, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna

„Á starfstíma skólans hafa mjög miklar breytingar átt sér stað hvað varðar öryggisvitund sjómanna og raunar almennt í þjóðfélaginu. Ég er ekki í nokkrum vafa um að skólinn á mikinn þátt í fækkun slysa á sjó og að starfsemi skólans skiptir miklu máli fyrir íslenskan sjávarútveg,“ segir Bogi Þorsteinsson, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna sem tók við starfinu síðastliðið haust af Hilmari Snorrassyni sem verið hafði skólastjóri í yfir þrjátíu ár. Bogi hefur starfað við Slysavarnaskóla sjómanna um fjórtán ára skeið sem kennari og aðstoðarskólastjóri. Á komandi ári verða liðin fjörtíu ár frá stofnun skólans. Skólinn er rekinn af Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og eru níu starfsmenn við hann.

Starfsemin byggð á lögum og alþjóðareglum

Hlutverk Slysavarnaskóla sjómanna snýst um fræðslu starfandi og verðandi sjómanna en til að fá lögskráningu á skip þurfa sjómenn samkvæmt lögum að hafa lokið tilteknum námskeiðum í Slysavarnaskóla sjómanna. Sjómenn í starfi þurfa einnig að endurnýja þessi réttindi á fimm ára fresti.

„Okkar starf byggist á lögum um skólann og um öryggisfræðsluskyldu sjómanna sem miðast einnig við alþjóðareglur,“ segir Bogi og útskýrir að hópurinn sem sækir námskeið skólans sé mjög fjölbreyttur. Um er að ræða þá sem hyggjast leggja fyrir sig sjómennsku, starfandi sjómenn sem eru að endurnýja réttindi sín, námskeið vegna alþjóðlegra réttinda og námskeið til atvinnuréttinda í skipstjórn og vélstjórn, svo dæmi séu tekin. Þessu til viðbótar nefnir Bogi sem dæmi starfsmenn hafna, farþega- og flutningaskípa, fiskeldis á sjó og í landi og fleiri. Hóparnir eru því ólíkir þó lang stærsti hópur nemandna séu sjómenn á öllum stærðum og gerðum fiskiskípa íslenska flotans.

Endurmenntun á fimm ára fresti

Verkleg kenning er í skólaskipinu Sæbjörgu í Reykjavíkurhöfn en Bogi segir að á síðari árum hafi skólinn þróað í auknum mæli þjónustu sína í námskeiðahaldi á netinu.

„Endurmenntun á grunnnámskeið er sem dæmi þannig hjá okkur að nemandur fá lesefni til að fara yfir og taka þekkingarkönnun sem er igildi eins dags vinnu og síðan koma þeir til okkar í einn dag í verklega hlutann. Námskeiðin geta verið lengri fyrir einstaka hópa, t.d. vegna alþjóðlegra réttinda. En í flestum tilvikum er almenna reglan sú að réttindi skuli endurnýja á fimm ára fresti,“ segir Bogi en það er sjómanna sjálfra að bera ábyrgð á því að þeir hafi fullgild réttindi. Bogi segir útgerðirnar þó í vaxandi mæli hafa yfirlit í sínum kerfum yfir stöðu endurmenntunar sinna sjómanna og einnig fylgist margir skipstjórnar vel með þessu.

„Komi upp sú staða að sjómaður er að renna út á réttindum sínum getur hann skráð sig á námskeið og fengið frest hjá Samgöngustofu til að vera á sjó. Það er



■ Bogi Þorsteinsson, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna. Myndir: Þorgeir Baldursson



■ Á fyrstu árum Slysavarnaskóla sjómanna fór Sæbjörg út um byggðir landsins til námskeiðahalds en aukinn kostnaður hefur orðið til þess að skipið er alfarið staðsett í Reykjavíkurhöfn.

því ekki þannig að sjómenn komist ekki á sjó ef réttindin eru runnin út heldur hafa þeir tækifæri til að fara á næsta námskeið,“ segir Bogi en Slysavarnaskóli sjómanna skipuleggur sín námskeið og birtir nokkra mánuði fram í tímann. „Við gætum þess að ávallt sé í boði pláss á skyldunámskeiðin og oft er hægt að komast að með stuttum fyrirvara ef á þarf að halda,“ segir hann.

Netið nýtt til þróunar námskeiðahaldsins

Á upphafsárum Slysavarnaskóla sjó-

mannna fór Sæbjörgin um landið til að halda námskeið fyrir sjómenn en dræm þátttaka og aukinn kostnaður gerði þetta fyrirkomulag óhentugt. Auk heldur hefur tilkoma netsins opnað möguleika til að færa bóklegt námskeiðahald skólans yfir á rafrænt form og í fjarkennslu.

„Netið hefur opnað okkur nýja möguleika sem við eigum eftir að þróa ennþá meira á komandi árum. Í því felast þróunarmöguleikar fyrir okkar starfsemi,“ segir Bogi.

Í vaxandi mæli hefur Slysavarnaskóli sjómanna boðið upp á námskeið í heima-



■ Verklept námskeið í skólaskipinu Sæbjörgu.

höfnum ef heilar áhafnir sameinast um námskeið og þannig sparast tími og ferðakostnaður. „Við mætum þá um borð og þá er áhöfnin búin að undirbúa sig, búin með heimavinnuna, búin er að gera áhættumat, neyðaráætlun og annað um borð. Síðan eru verkleg námskeið haldin með hliðstæðum hætti og í Sæbjörgu,“ segir Bogi.

Mun ríkari öryggisvitund en áður

Bogi segist sjá mikla breytingu í öryggisvitund sjómanna á þeim fjórtán árum sem hann hefur starfað við Slysavarnaskóla sjómanna.

„Maður skynjaði jafnvel einhvern ótta hjá mönnum og feimni við þessi námskeið og öryggismálin þegar ég var að byrja en í dag er þetta verulega breytt og sumum finnst við jafnvel ekki gera nóg á námskeiðunum og vilja meira. Flestum þykja þessi námskeið algjörlega sjálfagður og mikilvægur þáttur af starfi sjómanna. Við finnum vissulega að áhuginn er mismikill milli áhafna, sumar áhugasamari en aðrar en almennt eru þessi mál í góðum farvegi í flotanum og öryggisvitund sjómanna rík,“ segir Bogi og að hans mati á starf Slysavarnaskóla sjómanna stóran þátt í mikilli fækkun slysa á sjó síðustu áratugi.

„Ég held að það sé ekki vafi en hins vegar spila fleiri þættir inn í þessa þróun. Ég get til dæmis nefnt aukid eftirlit með skipum, bættar veðurspár og svo líka þessa almennt auknu öryggisvitund í samfélaginu. Við sjáum að þegar menn hafa setið námskeið hjá okkur þá skynja þeir mikilvægi öryggismála og við það eykst áhuginn og öryggisvitundin. Okkar starf er langlaup, við erum stöðugt að hamra járnid og það hefur skilað miklum árangri á tæpum fjórum áratugum,“ segir Bogi Þorsteinsson.

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN SJÓMENN



RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS HEFUR STAÐIÐ VAKTINA Í 50 ÁR

Félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands
hafa alltaf verið í fararbroddi í þekkingu
á raf- og tæknibúnaði og notkun hans.

Tryggjum öryggi og skiptum við fagmenn

RAFIDNAÐARSAMBANDIÐ STENDUR VAKTINA
og stendur vörð um réttindi þín, starfsumhverfi,
vellíðan og starfsöryggi.



AÐILDARFÉLÖG RAFIDNAÐARSAMBANDSINS



Fyrsti rafknúni báturinn tilbúinn á Siglufirði næsta vor

Grænafl á Siglufirði vinnur að verkefni um orkuskipti bátaflotans

„Þetta er frumkvöðlastarf, hvergi í heiminum mér vitanlega er verið að vinna að sambærilegu verkefni með því að breyta bátum sem þegar eru í notkun. Við sjáum fyrir okkur að ef árangur verður með þeim hætti sem að er stefnt þá muni þetta nýtast um allan heim,“ segir Kolbeinn Óttarsson Proppé, framkvæmdastjóri Grænafls á Siglufirði. Fyrirtækið vinnur að orkuskiptum minni fiskiskipa, þar sem fyrst verður hugað að rafvæðingu strandveiðiflotans. Mikill ávinningur er fölginn í því fyrir eigendur smábáta að skipta út olíu sem orkugjafa fyrir rafmagn. Rafvæðing smábátaflotans mun ekki síður hafa í för með sér umtalsverðan sparnað í losun koltvísyrings og hefur þannig góð samfélagsleg áhrif.

Grænafl er í samstarfi við Korean Maritime Institute sem er stofnun á vegum stjórnvalda í

Suður-Kóreu, auk fyrirtækja þar á landi um þróun og smíði búnaðar fyrir íslensku bátana. Skrifað var undir samninga í desember á liðnu ári og var Kolbeinn á ferð í Suður-Kóreu í apríl til að fylgja verkefninu eftir. Fulltrúar þaðan hafa einnig komið til Íslands og kynnt sér aðstæður og skoðað bát sem verður sá fyrsti sem búnaðurinn verður settur í.

Áhugi fyrir verkefninu

Kolbeinn segir að verkefnið snúist um að nýta búnað, sem framleiðendur ytra hafa þróað og koma fyrir í smábátum hér á landi. Ætlunin er að taka olíuvélar úr þeim bátum sem nú eru í notkun og setja þess í stað rafhlöðu um borð auk annars sem til þarf svo hægt sé að knýja bátinn áfram með rafmagn. Þá verði einnig skoðað hvort þurfi að vera blendingslausnir (hybrid) í einhverjum tilfellum. Með því að samnýta tækisþekkingu beggja landa er vonast til að orkuskipti í íslenska bátaflotanum geti gengið nokkuð hratt fyrir sig.

Von er á fyrstu rafhlöðunum frá Suður-Kóreu næsta haust og þá þegar verði hafist handa við að breyta fyrstu bátunum. Sú vinna taki að líkindum bróðurpart vetrarins, „en við erum að gæla við að fyrsti rafknúni báturinn sigli út næsta vor,“ segir hann. Eigendur smábáta hafi fylgst með verkefninu og séu áhugasamir um framgang þess. Kolbeinn segir greinilegt að menn séu tilbúnir að skoða orkuskipti í bátum sínum.



■ Kolbeinn skrifaði undir samstarfssamning við Korean Maritime Institute og fleiri þarlenda aðila í desember. Hér er hann með forstjóra KMI og aðstoðarborgarstjóra Pohang-borgar.



■ Kóreska stórfyrirtækið Hanwha er aðili að samstarfssamningnum. Hanwha framleiðir batteri og búnað sem þarf til rafvæðingar.



■ Fulltrúar kóreskra fyrirtækja og stofnana heimsóttu Siglufjörð síðasta haust og skoðuðu bátana sem verður breytt.

Strandveiðiflotinn hentar vel til orkuskipta

Strandveiðibátar falla að sögn Kolbeins vel að verkefninu og hentugt að hefja rafvæðingu í þeim flota. Þeir eru í notkun í takmarkaðan tíma hvers árs og sigla fremur stutt út áður en farið er í land. „Orkunýting strandveiðiflotans býður helst upp á að þeir keyri á hreinu rafmagn,“ segir hann. Vissulega er

verið að smíða rafmagnssmábáta úti í heimi en það sem er sérstakt við verkefni Grænafls er að eldri bátum er breytt með því að setja í þá nýjan búnað. Kolbeinn segir að of langan tíma taki að hver og einn sjómaður kaupir sér nýjan rafknúinn bát.

Kolbeinn segir að ekki sé ólíklegt að þeir eigendur smábáta sem kjósa að rafvæða báta sína fái eitthvað í kaupbæti. Sem

dæmi aukinn kvóta en með slíku má gera ráð fyrir að fleiri muni taka þátt í þessu umhverfislega hagkvæma verkefni. Kostnaður við það að skipta út olíuvél fyrir rafhlöðu er nokkur en hann segir að hann muni borga sig upp á fáum árum.

Æ fleiri bátar hafa sótt á strandveiðar á liðnum árum. Gróflega áætlað notar hver dagróðrabátur á strandveiðum um 100 til 200 lítra af olíu í róðri. Miðað við forsendur strandveiðanna varðandi veiðidaga og fleira gæti olíuotkun alls flotanans numið tæplega 5000 og upp í um 10 þúsund lítrum af olíu á hverju strandveiðitímabili. Væri allur flotinn keyrður á rafmagn eða endurnýjanlegum orkugjöfum yrði hægt að minnka losun á koltvísyringi sem nemur ríflega 31 þúsund tonnum.

Byggja upp innviði

Samhliða þessu verkefni á Grænafl í samstarfi við HS-orku um uppbyggingu á hleðslustöðvum fyrir bátana í höfnunum hér á landi og stefnt að því að fyrsta stöðin verði tilbúin á Siglufirði næsta vor eða á sama tíma og fyrsti rafknúni báturinn verður tilbúinn.

„Það er viðráðanlegt sem fyrsta skref í þessu ferli að byrja á strandveiðiflotanum, dagróðrabátunum, en við sjáum fyrir okkur að næstu skref þar á eftir verði frekari rannsóknir og þróun á blöndu fleiri grænna orkugjafa þar sem kannað verður hvaða lífrænu orkugjafar gætu hentað ásamt rafmagn til að keyra stærri báta,“ segir Kolbeinn.

grænafl.is

Daglegar fréttir

af íslenskum sjávarútvegi

audlindin.is

AUÐLINDIN

Auglýsingasími 898 8022
Inga@ritform.is

Hágæða vörur fyrir sjávarútveginn og iðnaðinn í yfir 30 ár



SJÓMENN - TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

HNÍFALOKAR · RENNILOKAR · SPJALDLOKAR · KEILULOKAR · SÍÐULOKAR
BOTNLOKAR · EINSTEFNULOKAR · KÚLULOKAR · SÍUR · RENNSLISMÆLAR

VK vörukaup

Metnaður og þjónusta í þína þágu

LAMBHAGAVEGI 5 · 113 REYKJAVÍK · SÍMI 516-2600 · vorukaup@vorukaup.is · www.vorukaup.is



■ Hjólmsveitin Stuðlabandið verður með dansleiki fyrir börn og fullorðna á Patreksfirði.



■ Uppstandssýning Sólá Hólm verður í félagsheimilinu á Patreksfirði.

Stuðla- bandið og Sólá Hólm á Patró

Sjómanna-dagshátíðin á Patreksfirði hefst á fimmtudag með Eyfahlaupi, götugrilli og skemmtun Sólá Hólm og síðan verður þétt dagskrá frá kl. 14 á föstudag fram á seinni hluta sjómanna-dags.

Sýningin Frönsku fiskimennirnir og gamli tíminn verður í boði alla dagana en af dagskrárliðum föstudagsins má nefna sjómanna-golfmót í Vesturbotni, Landsbankagrillið og sýningu Leikhópsins Lottu kl. 17 en hún er ókeypis. Um kvöldið verða svo stórtónleikar Siggu Beinteins, Páls Óskars og Stuðlabandsins í félagsheimilinu. Tónleikarnir eru í boði Arnarlax og verður ókeypis inn.

Af dagskrárliðum laugardagsins má nefna dorgveiðikeppni við höfnina, götusúpu og skemmtidagskrá við leikskólann þar sem verða Latibær, Lína langsockkur og fleira til skemmtunar fyrir börn og fullorðna. Síðdegis verður boðið upp á siglingu um fjörðinn og kl. 18:15 hefst barnaball með Stuðlabandinu. Hápunkturinn verður svo um kvöldið þegar Stuðlabandið verður með stórdansleik sumarsins í félagsheimilinu. Dagskrá sjómanna-dagsins sjálfs hefst með sjómanna-messu í Patreksfjarðarkirkju og verður skrudganga að henni lokinni að minnisvarða látinna sjómanna. Kappróður verður við höfnina kl. 13 og kaffisala í félagsheimilinu á vegum Kvenfélagsins Sifjar milli kl. 15 og 17.



Markus Lifenet ehf. (Björgunarnetið Markús)

Er sérhæft í þróun og framleiðslu búnaðar til að bjarga fólki úr sjó. Meðal þekktara framleiðsluvara eru Markúsarnet og léttabátanet en einnig eru framleiddir þar neyðarstigar og kastlínur sem henta einkar vel um borð í smábátum.



Neyðarstigi í dekkbáta með allt að 1,8 m borðhæð sem haga má þannig að maður í sjó geti kippt stiganum niður og klifrað upp.



Markúsarnet

Fyrir allar tegundir skipa og báta

Léttabátanet / Veltinet

Er létt, auðvelt að festa og fljótlegt til björgunar, tekur lítið pláss og pakkast hratt og örugglega, leggst mjúklega utan um einstaklinginn og er einfalt í notkun.



Stök kastlína í kastpoka fyrir allar gerðir skipa og báta og til að hafa merðiferðis á ferðalögum.



Daglegar fréttir

af íslenskum sjávarútvegi

audlindin.is

AUÐLINDIN

Auglýsingasími 898 8022
inga@ritform.is

Sjómenn – til hamingju með daginn!

Markus Lifenet ehf., Hvaleyrarbraut 27, 220 Hafnarfirði
Sími: 565-1375- sales@markusnet.com - www.markusnet.com



„Sannfærður um mikinn ávinning nýs kjarasamnings fyrir sjómennastéttina“

segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands

„Ég er ekki í vafa um að þessi samningur er mjög góður fyrir sjómennastéttina, bæði náðust með honum mikilvægar kjar- og réttindabætur fyrir stéttina og svo var mjög mikilvægt fyrir okkur að brjótast út úr þessu ófremdarástandi að sjómenn hafi verið árum saman án kjarasamnings, líkt og hefur verið raunin síðasta áratug. Kjarasamingurinn er vissulega til langs tíma en við teljum að jafnt og þétt muni menn átta sig betur á hve miklar bætur hann færir stéttinni,“ segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands, um kjarasamning aðildarfélag sambandsins við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi sem samþykktur var nú á útmánuðum. Samningurinn er að því leyti frábrugðinn því sem almennt hefur tíðkast á íslenskum vinnumarkaði að hann er mjög langur, gildir til 10 ára en þó eru í honum ákvæði um mögulega uppsögn sjómanna á samningnum eftir fimm ár að undangenginni atkvæðagreiðslu.

Samþykki í seinni atrennu

Síðast gerðu sjómenn kjarasamning árið 2017 og rann hann út árið 2019. Eftir áralangt þóf við samningaborðið náðust kjarasamningar í febrúar 2023 en honum höfnuðu félagsmenn og því þurfti að setjast við samningaborðið á nýjan leik. Nýr samningur, sem í aðalatriðum byggðist á fyrri samningnum, var undirritaður í febrúar og í framhaldinu samþykktur af aðildarfélagum SSÍ. Sjómenn höfðu þá verið kjarasamningslausir í fjögur ár. Valmundur segir síðari saminginn vissulega um margt áþekkan þeim sem var felldur en þó hafi náðst í millitiðinni mikilvæg viðbótarákvæði.

„Þar má nefna möguleikann á að segja samingnum upp eftir fimm ár, eingreiðsla og desemberuppbót, sem sjómenn hafa aldrei haft. Hún mætti mikilli mótspyrnu hjá útgerðunum en náði engu að síður í gegn. Á þessu ári sem leið milli samninganna tókst því að bæta við samninginn atriðum sem hvað mest voru í gagnrýnisumræðunni. Almennt tel ég að með kjarasamingnum séu sjómenn



■ Valmundur Valmundsson hefur verið formaður Sjómannasambands Ísland frá árinu 2014.

að færast í kjaramálum nær því sem gerist í samfélaginu,“ segir Valmundur.



■ Eftir áratug þar sem sjómenn hafa árum saman verið án gildandi kjarasamnings tekur við 10 ára samningur sem þó er hægt að segja upp eftir fimm ár. Mynd: Þorgeir Baldursson

Ísvélar



- Tugir ánægðra viðskiptavina
- 1 til 30 tonn á sólarhring
- Hröð kæling
- Góður ís í flutningskassa
- Loftkælt / Vatnskælt
- Nútímalegir kælimiðlar

Lausfrystar



- Færanlegir rekkafrystar
 - Auðvelt að flytja
 - Auðvelt að fjármagna
- Engin uppsetning!
Bara stinga í samband**



KGG

Kristjan G. Gislason ehf • 552-0000 • kgg@kgg.is

Lágmarkslaun sjómanna loks tryggð

Valmundur undirstikar tvö atriði sérstaklega hvað þessa samningsgerð varðar. Í fyrsta lagi ákvæði um lágmarkslaun sjómanna sem nú hafi verið tengd við flokk í launatöflu Starfsgreinasambands Íslands munu þannig taka breytingum í takt við launaþróun hjá Starfsgreinasambandinu. Hafa verið í huga að í reynd sé ekki verið að takast á um launakerfi sjómanna í kjarasamningsgerðinni.

„Sjómenn eru á hlutaskiptakerfi og það þýðir að laun þeirra eru í reynd gengistryggð og geta hækkað og lækkað. Við erum því ekki að hrófla við því kerfi. Hins vegar er mjög mikilvægt að sjómönnum séu tryggð mannsæm- andi lágmarkslaun sem haldreipi ef eitthvað kemur upp á, t.d. slys eða veikindi. Þetta er dæmi um stórt hagsmunamál sem lá óbætt hjá garði meðan enginn kjarasamningur var í gildi en hefur nú verið fært til mun betri vegar.“

Tilgreind séreign stórmál fyrir sjómenn

Lífeyrismálin segir Valmundur annað mjög stórt mál.

„Ég tel raunar að margir hafi enn ekki áttað sig á til fulls hversu mikill árangur náðist á því sviði fyrir stéttina. Með því að ná fram tilgreindri séreign í samningnum greiðir útgerðin samtals 11,5% af sjómönnum í lífeyris- sjóð. Útfærslan er þannig að sjómenn geta valið hvort þeir greiða 3,5% í tilgreinda séreign sem viðbótarlífeyri, greiða þetta í samtrygginguna eða í niðurgreiðslu húsnæðislána. Það getur verið mismunandi eftir aldurs skeiði hvaða leið er hagkvæmust; fyrir unga sjómenn getur verið hagkvæmast að greiða í samtrygginguna til að auka réttindi á meðan þeir eldri geta séð meiri ávinning í séreignarsöfnun. Aðalatriðið er samt það hversu mikið sjómenn eru að fá út úr þessu lífeyris- ákvæði og það mun tíminn leiða enn betur í ljós,“ segir Valmundur.

KLÁRIR Í BÁTANA

Sjómenn - til hamingju með daginn!



Tudor rafgeymar • Traust gæði í 40 ár



Lokaðir Síru



Hleðslutæki

12 eða 24v í mörgum stærðum



Purrir AGM

TUDOR  **SKORRI**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • 577-1515 • **NÝTT** Vefverslun: www.skorri.is

Kostnaðarpáttakan var íþyngjandi

Með kjarasamningnum sem gerður var árið 2017 segir Valmundur að hafi tekist að draga úr kostnaðarpáttöku sjómanna og allir séu sammála um að þau skref sem stigin voru í þeim samningi hafi verið mjög dýrmæt fyrir laun sjómanna.

„Samningurinn 2017 markaði þau tímamót að sjómenn hættu að greiða fyrir fæði og vinnufatnað. Í reynd var mjög dýrt fyrir menn að gera sjálfa sig út í sjómennsku, ef svo má segja og sjómenn finna það vel núna hversu miklar launabætur fólust í þessu skrefi. Með sama hætti tel ég að margir muni þegar frá líður verða þakklátir fyrir þær bætur sem nýi kjarasamningurinn færir þeim.“

Gagnrýnisraddirnar þagnaðar

Stór orð voru látnin falla opinberlega í tengslum við kjarasamningsgerðina og segist Valmundur hafa fengið slík persónuleg skilaboð og hótanir að hann hafi ihugað að vísa þeim til lögreglunnar.

„Það var farið mjög á móti okkur í fyrra, hópur sem ekki var mjög stór en afar hávær í umræðunni. Mér fannst þetta óvægð í garð okkar sem vorum í forystu félaganna við samningaborðið en ég er svo sem ekki óvanur því að fá slíkt en oftast



■ Valmundur hóf sinn togaraferil á Siglufirði SI-2 árið 1977 og lauk sjómennskuferlinum á Frá VE-78 árið 2008.

hef ég haft samband við viðkomandi til að ræða málin augliti til auglitis. Eftir á að hyggja hefðum við þurft að leggja mun meira í kynninguna á fyrri samningnum og það er lærdómurinn af honum. Niðurstaðan var sú að byggja á þeim samningi áfram og það tók okkur nokkra mánuði að ná í gegn þeim viðbótum sem þurfti til að mæta gagnrýnni. Enda eru gagnrýnisraddirnar þagnaðar núna og okkur gengur vel að koma samningnum í framkvæmd. Bæði heyrum við mikið í okkar félagsmönnum, fáum mikið af fyrirspurnum og fáum líka hringingar frá útgerðunum varðandi framkvæmd einstakra atriða. Það finnst mér fyrst og

fremst jákvætt og merki um traust milli viðsejenda, sem er mikils virði,” segir Valmundur.

Lagabreytingar nauðsynlegar til tryggingar á slysa- og veikindarétti

Eitt af brýnum hagsmunamálum sjómanna í framhaldi af kjarasamningnum segir Valmundur vera breytingar sem gerðar hafi verið á veikinda- og slysarétti sjómanna.

„Þessum réttindum höfum við verið að breyta til nútímans og laga að þeim róðrarkerfum sem eru í dag. En til að fylgja þeim eftir þurfa að koma til breytingar á sjómannaögunum til að þessi réttur verði alveg skýr og haldi í



kjarasamningi. Í þessu felast miklar bætur ef sjómenn verða fyrir slysum eða lenda í löngum veikindum,” segir hann en til útskýringar fær sjómaður í róðrarkerfi sem rær annan hvern tús hálfan hlut í fjóra mánuði og síðan fulla tryggingu í aðra þrjá til fjóra mánuði verði hann fyrir slysi eða lendi í veikindum. „Þetta tryggir því að menn geta verið á launum í 7-8 mánuði ef eitthvað kemur upp á, tvöfalt lengur en áður var.“

Grettistak í slysamálum með tilkomu Slysavarnaskólans

Þegar talið berst að slysamálum sjómanna er vert að staldra við þá staðreynd að alvarlegum slysum á sjó hefur fækkað verulega á síðari tímum og það takmark hefur náðst nokkrum sinnum á síðustu árum að heilt ár hafi liðið án banaslyss á sjó. Valmundur er ekki í vafa um að þáttur Slysavarnaskóla sjómanna í þessari þróun sé mjög mikill.

„Ég man eftir því að þegar ég kom á sínum tíma fyrst að umræðu um slysamál sjómanna sem þáverandi formaður Jötuns í Vestmannaeyjum að þá töldu embættismenn það fráleitt sem Hilmar Snorrason skólastjóri Slysavarnaskólans sagði að stefna bæri að því að engin banaslys yrðu á sjó. En hann hafði rétt fyrir sér, einu sinni sem oftast. Ég er ekki í vafa um að það er ekki síst honum og

Slysavarnaskólanum að þakka að þetta takmark hefur náðst oftast en einu sinni. Svo er öryggismenningin hjá sjómönnum sjálfum mjög mikils virði, þ.e. að hugsun þeirra í dag er alltaf sú að þeir eigi rétt á því þegar þeir fara út á sjó að þeir komi heilir heim. Þannig fái þeir þjálfun til að forðast hættur og þetta er kjarninn í starfi Slysavarnaskólans,” segir Valmundur sem situr í stjórn skólans og bætir við að nú sé í auknum mæli rætt um að stytta endurmenntunarkröfu sjómanna í Slysavarnaskólanum úr fimm árum í þrjú. Allir vilji gera enn betur í þessum efnum.

„Við sjáum líka mun meiri öryggishugsun hjá útgerðunum þar sem eru sérstakir öryggisfulltrúar í störfum. Það er líka mikil bót að öryggisstjórnarkerfinu Öldunni sem nær allar útgerðir eru búnar að samþykkja að taka í notkun og allt skiptir þetta máli. Mér verður stundum hugsað til þess hvernig þetta var þegar ég byrjaði á sjó norður á Siglufirði árið 1977. Þá var enginn með hjálm, enginn með heyrnarhlífar í vinnslunni en svo komu hjálmarnir og heyrnarhlífar, línurnar á dekkinu og fleira. Mig minnir að árið 1977 hafi 17 menn farist á sjó án þess að um þessi slys væri mikil umræða. Þetta sýnir vel hversu mikið tímarnir hafa breyst og hvaða árangri við höfum náð í öryggismálum.“

Gleðilega sjómanna-dagshátíð!

Stálþil fyrir Sundabakka á Ísafirði er innflutt af GA Smíðajárn.

Við erum sterk í stálinu!

GA Smíðajárn sérhæfir sig í innflutningi og sölu á járn og stáli af öllum stærðum og gerðum

GA
SMÍÐAJÁRN
GUÐMUNDUR ARASON EHF.

Rauðhelli 2 og Íshelli 10, 221 Hafnarfirði
Sími 568 6844 - ga@ga.is

www.ga.is



■ Valmundur í Karphúsinu í febrúar síðastliðnum með hluta samninganefndar sjómanna að baki sér.



APÓTEK
VESTURLANDS



Óskum sjómönnum, útgerðarmönnum
og fjölskyldum þeirra til hamingju
með sjómannadaginn

Öll þjónusta við
skip og báta
- með lyf og sjúkravörur



Daglegar fréttir af íslenskum sjávarútvegi

audlindin.is



■ Skemmtidagskrá við Tjarnarborg.



■ Kappróðurinn er ómissandi dagskrárliður.

Mikið um dýrðir í Ólafsfirði

Það verður að vanda mikið um dýrðir í Ólafsfirði um sjómanna-dagshelgina og þétt dagskrá frá fimmtudagskvöldi 30. maí til sunnudagskvölds 2. júní. Að hátíðinni stendur Sjómannafélag Ólafsfjarðar í samstarfi við Fjallabyggð og styrktaraðila.

Dagskráin hefst með tónleikum með Dúu Randvers á Kaffi Klöru kl. 20:30 á fimmtudagskvöld og er frítt inn. Á föstudeginum hefst dagskráin kl. 15 með sýningu í Tjarnarborg á tveimur 45 mínútna þáttum um sjómanna-daginn í Ólafsfirði en síðan taka við leirdúfuskotmót sjómanna á skotsvæði SKÓ og knattleikur KF-KFA á Ólafsfjarðarvelli. Um kvöldið verður svo Ari Eldjárn með uppistands-sýningu í Tjarnarborg og þar á eftir verður Coldplay Tribute á Höllinni og Dj KRISTASIO tekur svo við og spilar til lokunar.

Fyrsti dagskrárliður laugar-dagsins er dorgveiði kl. 10 fyrir börnin við Ólafsfjarðarhöfn og kl. 12:30 hefst kappróður sjómanna. Þá tekur við keppni um Alfreðsstöngina, tímabraut og trukkadráttur við Tjarnarborg og Sundlaug Ólafsfjarðar. Boðið verður upp á sjávarréttasúpu, pylsur og gos fyrir alla.

Um kl. 15 verður HeliAir með þyrluflug frá Ólafsfjarðarvelli, kl. 17 keppa sjómenn og landmenn í fótbolta á Ólafsfjarðarvelli og kl. 20:30 verður útskemmtun við Tjarnarborg með Coldplay Tribute band.

Á sunnudagsmorgni hefst dagskráin með skrudgöngu að Ólafsfjarðarkirkju kl. 10:15 og við tekur hátíðarmessa. Fjölskylduskemmtun hefst svo við Tjarnarborg kl. 13:30 þar sem Eva Ruzu og Hjálmar Örn skemmta, sem og Eypór Ingi og hljómsveitin Skandall. Kaffisala Slysavarnadeildar kvenna verður í Tjarnarborg frá kl. 14:30.

Hápunkti nær svo hátíðin að kvöldi sjómanna-dagsins með árshátíð sjómanna í íþróttahúsinu. Hjálmar Örn og Eva Ruzu eru veislustjórar, Eypór Ingi verður með gamanmál og kemur fram með hljómsveitinni Ástar-pungum og einnig skemmtir Bjartmar Guðlaugs. Dagskráin lýkur svo með dansleik til kl. 02.

Sjómenn – til hamingju með daginn!

Fiskilyftur

Úrsláttarvélar

Hringbönd í lestar

Blæðingarkör

Fiski- og lifradælur

Aðgerðarbönd

Brettastöflunarlausnir

Sjálfvirkar karalestar

Millidekk með sjálfvirkri flokkun

Hafnarbraut 25 · 200 Kópavogur · 554 0000 · klaki@klaki.is · www.klaki.is

Sjóarinn síkátí kemur í bæinn

Ein þekktasta hátíð sjómanna-helgarinnar hér á landi hin síðari ár er Sjóarinn síkátí í Grindavík. Sú hátíð verður þó eðlilega ekki haldin með hefðbundnu sniði í ár en Sjóarinn síkátí leggur hins vegar land undir fót til Reykjavíkur í boði Sjómanna-dagsráðs og verða Grindvíkingar því heiðursgestir sjómanna-dagsins 2024 í Reykjavík.

„Snemma árs fengum við hjá Grindavíkurbæ simtal frá for-manni Sjómanna-dagsráðs þar sem hann bauð okkur um borð ef svo má að orði komast, þar sem ljóst var að ekki gæti orðið af hátíðarhöldum í bænum okkar. Við þurftum ekki langan umhugsunarfrest og þaðum boðið og því geta Grindvíkingar og landsmenn allir notið Sjóarans síkátí í ár eins og undan-farin 26 ár“, segir Eggert Sólberg Jónsson, sviðsstjóri frístunda- og menningar sviðs Grindavíkur.

Þétt dagskrá við Reykjavíkurhöfn

Og það verður sannarlega mikið um að vera við Reykjavíkurhöfn á sjómanna-daginn. Meðal tón-listarflytjenda á stóra sviðinu hjá Brimi verða Prettyboitjokkó, Una Torfa með Barnakór



■ Það vekur jafnan mikla athygli að sjá björgun úr sjó sem er meðal fjölmarga atriða á sjómanna-deg-inum við Reykjavíkurhöfn.

Grindavíkur og Herra Hnetusjör. Koddaslagur verður á sínum stað, Gunni Helga skemmtir, Sirkus Íslands verður á svæðinu, BMX brós sýna listir sínar, Íþróttálfurinn og Solla stírða

mæta á svæðið, sýndir verða furðufiskar, fönðrað verður úr flokkuðum úrgangi og síðast en ekki síst verður fiskisúpusnakk og glaðningur fyrir börnin og keppni um besta hákarlinn. Í

upphafi dagskrár verður skrúð-ganga frá Hörpu að hátíðar-svæðinu við Reykjavíkurhöfn kl. 12:30.



Þriggja daga hátíð í Fjarðabyggð

Hátíðarhöld sjómanna-dagsins í Fjarðabyggð verða á Eskifirði, Norðfirði og Fáskrúðsfirði og verður margt í boði fyrir eldri sem yngri. Dagskráin hefst strax á fimmtudag og verður samfelld fram á sunnudag. Meðal skemmtikrafta má nefna Helga Björns, Stebba Jak, DJ Dodda, Karitas Hörpu, Einar Ágúst, Eyjólf Kristjánsson, Jónas Sig og hljómsveit Chógma. Í boði verða einnig sundlaugardiskó og froðuparty, þrautakeppni, dorgveiðikeppni, hópsigling norðfirska flotans, sigling með Ljósafellinu, kappróður, reiptog og koddaslag, svo fátt eitt sé nefnt. Fjölbreyttar veitingar verða í boði á öllum stöðum.

Hátíðarmessur verða að morgni sjómanna-dagsins í kirkjunum á stöðunum þremur og við það tækifæri verða sjómenn heiðraðir fyrir störf sín.

MARÁS

FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.

YANMAR aðalvél
FINNOY niðurfærslugirar
VULKAN ástengi
NORIS vélaeftirlitskerfi
STAMFORD Rafalar
SCANTROL autotroll



Áskell PH48

SIMRAD sjálfstýring
OLEX prividdarplotter
Sailor fjarskiptatæki
PHONTEC kallkerfi
ICOM talstöðvakerfi

YANMAR aðalvél
ZF niðurfærslugir
ZF stjórnþæki
AQUAMETRO eyðslumælir
SIMRAD sjálfstýring
VULKAN ástengi



Háey PH 295

8" hjóðkútur
SEPAR forsiur
PRESTOLITE alternator
TEIGNBRIDGE skruða
LASDROP öxulþétti
POLY FLEX vélarpúðar

YANMAR aðalvél
YANMAR niðurfærslugir
KOHLER ljósavélur
YANMAR spílvél



Egill SH 195

SLEIPNER bógskrúfa
ZF stjórnþæki
SIMRAD radar
SIMRAD dýptarmælir

Óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegan sjómanna-dag.

YANMAR



Aðalvélur og hjálparvélur

IBERCISA
DECK MACHINERY



Rafmagns togvindur

SIMRAD



Sjálfstýringar

SAILOR
COBHAM

ICOM



Fjarskiptatæki

Marás ehf
Miðhrauni 13 - Garðabæ
S: 555 6444
postur@maras.is - www.maras.is

Friðrik A. Jónsson ehf
Miðhrauni 13 - Garðabæ
S: 552 2111
faj@faj.is - www.faj.is

Matvælavottaðar efnavörur

Hágæða smur og hreinsiefni sem henta fyrir krefjandi og erfiðar aðstæður í matvinnslum bæði á sjó og landi.



3M PELTOR WS LiteCom PRO III

3M | **PELTOR™**



Heyrnarhlíf með innbyggt samskiptakerfi og Bluetooth multipoint tengimöguleika. Sterklega byggð heyrnarhlíf fyrir krefjandi aðstæður og hávaðasama vinnustaði þar sem samskipti þurfa að vera í lagi.

Óvissan er verst

Hrannar Jón Emilsson, útgerðarstjóri Þorbjarnar hf. í Grindavík, segir ómögulegt að skipuleggja útgerð og vinnslu langt fram í tímann meðan eldsumbrot vofi stöðugt yfir

„Þegar við búum við þær aðstæður að einhverjar jarðhræringar eru sífellt yfirvofandi þá getum við ekki skipulagt okkur nema mjög stutt fram í tímann hvað varðar vinnsluna og útgerð skipanna sem afla hráefnis fyrir hana. Við erum því enn á þeim stað að bíða og sjá hvað verður, reyna að laga starfsemina að þeim aðstæðum frá einni viku til annarrar. Óvissan er verst,“ segir Hrannar Jón Emilsson, útgerðarstjóri sjávarútvegsfyrirtækisins Þorbjarnar hf. í Grindavík. Fyrirtækið er einn stærsti saltfiskframleiðandi landsins, gerir út tvo frystitogara, ferskfisktogara og línuskip. Þá er í smíðum nýr ferskfisktogari fyrir Þorbjörn á Spáni og er hann væntanlegur síðar árinu.

Frystitogaraútgerðin með hefðbundnu sniði

Líkt og hjá öllum í Grindavík varð algjör kollvörpun í starfseminni hjá Þorbirni þann 10. nóvember síðastliðinn þegar bærinn var rýmdur. Hrannar Jón segir að hvað útgerð fyrirtækisins varði þá hafi þessir atburðir haft lítil áhrif á frystitogarana en útgerð ferskfiskskipanna hafi þurft að spila meira eftir því hvernig landvinnslunni hafi verið hagað hverju sinni.

„Frystitogararnir hafa á þessum tíma landað einu sinni í Grindavík en annars í Hafnarfirði og í sjálfu sér hefur það oft gerst áður að vegna t.d. veðurs hafi þeir þurft að koma þar inn til löndunar. Frystiskipin hafa því getað haldið áfram í hefðbundinni útgerð í vetur en það hefur verið flóknara að vinna með útgerð ferskfiskskipanna sem þarf að spila með því fyrirkomulagi sem er í vinnslunni,“ segir Hrannar Jón.



■ Hrannar Jón Emilsson, útgerðarstjóri, ásamt sonum sínum, Ívari og Halldóri.



■ Línuskipið Valdimar og togskipið Sturla afla hráefnis fyrir saltfiskvinnsluna.

Samstarfsaðilar hlupu undir bagga með afurðavinnslu

Þegar bærinn var rýmdur í byrjun nóvember var Þorbjörn rétt í þann mund að taka í notkun lausfrysta og nýjan búnað í saltfiskvinnslu sinni í Grindavík sem Hrannar Jón segir að hafi bless-

unarlega sloppið við skemmdir í jarðhræringunum. Húsnæði fyrirtækisins í Grindavík er nánast óskemmt þó Hrannar Jón segi sýnilegar sprungur í veggjum á stöku stað.

„Við fórum þá leið í vinnslunni að fá til liðs við okkur sam-



■ Þorbjörn í Grindavík er einn stærsti framleiðandi saltfisks hér á landi.

starfsaðila í saltfiskframleiðslunni og þannig höfum við getað uppfyllt þarfir okkar viðskiptavina, þó varan sé ekki öll framleidd undir okkar merkjum. Þeir hafa því fengið sína vöru en tíminn verður að leiða í ljós hvort þetta hefur einhver áhrif á okkar

viðskiptasambönd til lengri tíma lítið og hvað það varðar skiptir auðvitað höfuðmáli að við getum sem fyrst komist í okkar eðlilegu rútinu í eigin framleiðslu,“ segir Hrannar Jón.

TRAUST ÞJÓNUSTA

VIÐ ÍSLENSKAN SJÁVARÚTVEG Í ÁRATUGI

Til hamingju
með daginn
sjómenn!



PROPERTY OF
UMBÚÐAMI



UMBÚÐAMIÐLUN

30-60% afköst í Grindavík

Afli ferskfiskskipanna tveggja, línubátsins Valdimars GK og togskipsins Sturlu GK, hefur því farið í vinnslur hjá samstarfsaðilum Þorbjarnar, auk þeirrar framleiðslu sem fyrirtækið hefur getað haldið úti í Grindavík en þar hefur Þorbjörn framleitt eins og mögulegt hefur verið síðustu mánuði.

„Í vinnslunni í Grindavík höfum við verið með afköst að undanförmu frá um 30% af eðlilegri vinnslu upp í um 60% en möguleikar okkar eru takmarkaðir til að fara í fulla vinnslu, m.a. vegna tryggingamála afurða á meðan ástandið er svona ótryggt. Það atriði spilar því líka inn í þetta,“ segir Hrannar Jón.

Í Grindavík var Þorbjörn með tvær verbúðir þar sem bjó starfsfólk sem flest var komið erlendis frá og segir Hrannar Jón að stærstur hluti þess hóps hafi farið erlendis og ekki snúið aftur enn sem komið er.

„Við höfum verið með um helming starfsmannahópsins í vinnu og þetta fólk býr á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og hér á Suðuresjum og í verbúð sem við komum upp til bráðabirgða í Vogum. Fólk keyrir því til vinnu hingað í Grindavík og fær stuðning til þess frá fyrirtækinu,“ segir hann og bætir við að fyrst og fremst komi þeir til vinnu í Grindavík sem treysti sér til að vera á staðnum í þessu ótrygga ástandi. „Margir treysta sér ekki til að vera hér meðan aðstæðurnar eru svona og fyrirtækið hefur fullan skilning á því.“

Sumarstopp fram undan

Hægt var á saltfiskframleiðslunni í Grindavík nú í maí og segir Hrannar Jón að skipulag sumarsins miðist við að tekið verði hefðbundið sumarstopp fram yfir verslunarmannahelgi.

„Við miðum við að ferskfiskskipin stoppi eftir sjómanna dag en Sturla GK var hvort eð er með tíma í slipp í júní svo að við höldum þeim áætlunum óbreyttum. Við ætlum okkur líka að skipa öllum afurðum út snemma í júní þannig að engar birgðir verði í Grindavík í sumar. Planið er síðan að allt fari í gang á nýjan leik eftir verslunarmannahelgi og vonandi verður þá staðan orðin betri hvað jarðhræringarnar varðar þannig að við getum komist í okkar hefðbundna skipulag í útgerð og vinnslu. Við bíðum og vonum,“ segir Hrannar Jón.

Stór svæði bæjarins óskemmd

Öllum í samfélaginu er ljóst að íbúar Grindavíkur eru að ganga í gegnum mikla erfiðleika þessi misserin, bæði hvað varðar eigin hag og rekstur fyrirtækja. Hrannar Jón viðurkennir að þessi staða taki verulega í. Sjálfur er hann fæddur og uppalinn Grindavíkingur.

„Staðan í bænum er misjöfn og á margan hátt betri en fólk heldur út frá fréttaflutningi. Það eru stór svæði í bænum þar sem allt er óbreytt og engin tjón á húsum. Á öðrum svæðum eru miklar skemmdir á húsum og jarðvegur hefur gengið mikið til. Sjálfur bjó ég í húsi sem afi minn og amma áttu á sínum tíma og það er stórskemmt en mitt hús sem var í byggingu varð hrauni og eldi að bráð. Tveimur götum þar frá er hús foreldra minna algjörlega óskemmt. Það er því mjög misjöfn staða eftir því hvar í bænum er,“ segir hann. Varnar-



■ Frystitogarar Þorbjarnar hafa verið í hefðbundnu úthaldi í vetur.

gardarnir og hraunið hafa sannarlega breytt ásýndinni við bæinn en Hrannar Jón segir þá sem eru norðan við bæinn ekki hafa mikil sjónræn áhrif.

„Aftur á móti eru að koma garðar núna vestan bæjarins og þeir verða mun nær byggðinni. Auðvitað eru stór svört hraunsvæði hér í nágrenni bæjarins þar



■ Í vinnslusalnum hjá Þorbirni.

sem áður voru mosavaxin svæði, aðkoman að bænum er breytt og fleira. En stærsti áfanginn fyrir okkur væri að fá vissu fyrir að jarðhræringarnar væru að baki

svo að hægt sé að horfa lengra fram í tímann og byggja upp,“ segir Hrannar Jón Emilsson.

Nýtt umboð Cummins á Íslandi

Bátavélar – Skipavélar – Ljósavélar – Vinnuvélar – Rafstöðvar



Cummins rafstöðvar þegar mest á reynir

Varaafsstöðvar í mörgum stærðum og gerðum

Afllutir ehf. hafa tekið við sölu- og þjónustuumboði fyrir bandaríska vélaframleiðandann Cummins á Íslandi

Sérhæfð varahluta- og viðgerðarþjónusta.

Verið velkomin í viðskipti

www.aflhlutir.is



Selhellu 13 | 221 Hafnarfirði | Sími 544 2045 | aflhlutir@aflhlutir.is

Selhellu 13 | 221 Hafnarfirði | Sími 544 2045 | aflhlutir@aflhlutir.is

Teljum okkur eiga fullt erindi á markaðinn

segir Jóhann Bæring Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístækni, nýstofnaðs fyrirtækis í málmiðnaði á Ísafirði



■ Jóhann Bæring Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístækni ehf.

„Við horfum bæði til þess að þjónusta okkar nærmarkað hér á Vestfjörðum en þróa jafnframt framleiðslu á búnaði fyrir ytri markað og viðskiptavinum bæði hérlendis og erlendis. Grunnurinn sem við byggjum á er sterkur og felst fyrst og fremst í þeirri miklu þekkingu í þjónustu og vörubrún sem starfsmannahópurinn býr yfir,“ segir Jóhann Bæring Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístækni ehf. á Ísafirði.

Fjölbreytt vestfirskt atvinnulíf þarf þjónustu

Ístækni ehf. tók til starfa 1. desember 2023 í kjölfar þess að Skaginn 3X tilkynnti um lokun starfsstöðar sinnar á Ísafirði og keypti Ístækni eignir og rekstur þeirrar starfsstöðvar. Í kjölfarið keypti svo Ístækni Vélsmiðjuna Þrist á Ísafirði og sameinaði undir merkjum Ístækni. Sameinað fyrirtæki hefur því starfað frá áramótum og eru starfsmenn 25 talsins en flestir þeirra störfuðu áður hjá Skaganum 3X og Vélsmiðjunni Þristi.

„Hér á svæðinu erum við með fjölbreytt atvinnulíf; öflugar útgerðir, fiskeldi, laxasláturhús, rækjuvinnsla, fiskvinnslur, fiskmarkaði, mjólkurvinnsla og lækningavöruframleiðsla, svo nokkur dæmi séu nefnd. Við töldum því grundvöll fyrir starfsemi öflugra þjónustufyrirtækis á málmiðnaðarsviðinu og að þjónusta okkar skipti miklu máli fyrir svæðið,“ segir Jóhann Bæring.

Mikil þekking og reynsla

Með kaupunum á Vélsmiðjunni Þristi segir Jóhann að inn í fyrirtækið hafi komið viðtæk þjónusta við viðskiptavinum á svæðinu og mikil þekking starfsmanna. Ístækni keypti einnig gagnagrunn og annað sem tilheyrði tæknideild sem á sínum tíma var kjölfestan í 3X Technology og frá Skaganum 3X komu reyndir starfsmenn á tæknisviðinu með sína þekkingu og reynslu. Jóhann Bæring segir eigendur Ístækni fulla bjartsýni á framtíðina.

„Þjónustan og tengslin sem skapast í gegnum hana leiða



■ Smiðað fyrir viðskiptavin.

alltaf af sér verkefni í smíði búnaðar og með sama hætti er mikill styrkur fyrir þjónustuna að hafa að baki sér tæknideild og framleiðslu búnaðar. Þetta styður því

hvert annað. Við teljum að vörubrún muni best eiga sér stað í gegnum þjónustuna og náð samstarf með viðskiptavinum. Við höfum á öllum sviðum fyrir-

tækisins gríðarlega reynslu og þekkingu. Mannauðurinn er það sem við sáum tækifæri í að byggja Ístækni á,“ segir Jóhann Bæring en eigendur fyrirtækisins eru hópur einstaklinga á Vestfjörðum, auk starfsmanna Ístækni.

Áratuga hefð í framleiðslu búnaðar

Í sögunni er löng hefð fyrir málmiðnaðar- og tæknifyrirtækjum á Ísafirði og er skemmst að minnast Póls sem á sínum tíma var í fremstu röð í þróun á tölvuvogum. Síðar kom 3X Stál til sögunnar og fékk seinna nafnið 3x Tecnology. Þessi fyrirtæki urðu ekki sist þekkt fyrir búnað sinn í sjávarútvegi bæði hér á landi og erlendis.

„Í ljósi þessarar sögu þá töldum við að ef við nýttum ekki þá þekkingu í þróun og framleiðslu á vinnslubúnaði og þjón-



Héðinn sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra kærar kveðjur í tilefni sjómanna dagsins



HÉÐINN



■ Jóhann Bæring segir breiða flóru viðskiptavina í atvinnulífinu á Vestfjörðum sem hafi þörf fyrir þá þjónustu sem Ístækni veitir.



■ Starfsmenn Ístækni eru 25. „Við teljum okkur eiga fullt erindi á markaðinn, hvort heldur er hér á landi eða erlendis,” segir Jóhann Bæring.

ustu sem hér er til staðar þá værum við að færa Vesfirði hvað tæknistigið varðar aftur um 40 ár. Hefðin á málmtæknisviðinu er mikil hér á Ísafirði og hún skiptir miklu máli.“

Sjálfvirkni er lykilhugtak

Jóhann Bæring segir fyrirtækið óhikað stefna að þróun og framleiðslu á eigin vinnslubúnaði.

„Við teljum okkur eiga fullt erindi á markaðinn, hvort heldur er hér á landi eða erlendis. Hjá okkur er mesta reynslan og þekkingin í sjávarútvegi og við horfum til þeirrar greinar en jafnframt til annarra atvinnugreina, t.d. fiskeldis. Þekking á búnaði í einni grein nýtist gjarnan líka í öðrum greinum en við teljum okkur búa yfir þekkingu í sjálfvirkni sem nýtist hvort heldur er fyrir sjávarútveg eða aðrar iðngreinar. Sjálfvirkni er í dag mjög stórt atriði í iðnaðarframleiðslu og sjálfvirknilausnir eru og verða svarið þegar erfiðara reynist að manna ákveðin iðnaðarstörf. Þetta er einn af þeim styrkleikum sem við búum yfir,” segir Jóhann Bæring.

Bjartsýnn á framhaldið

Aðspurður um verkefnastöðu hjá Ístækni nú og á næstu mánuðum segist Jóhann Bæring bjartsýnn.

„Við hófum starfsemi 1. desember og það hefur verið mikið að gera í þjónustu frá upphafi. Við gerðum síðan okkar fyrsta sölusamning um búnað erlendis í apríl. Ég hef trú á að fyrirtæki hafi þörf fyrir fjárfestingar í búnaði og tæknilausnum á allra næstu misserum og árum því þau hafa haldið að sér höndum á meðan fjárfestingar eru kostnaðarsamar. Á endanum kemur að því í öllum fyrirtækjum að ráðast þarf í verkefni. Fyrirtæki þurfa alltaf að fjárfesta í þróun ef þau ætla að lifa og þegar það gerist erum við til staðar. Einmitt þess vegna var svo mikilvægt að stofna Ístækni og tryggja þá þjónustu sem við veitum nærsamfélagi okkar og viðskiptavinum annars staðar,” segir Jóhann Bæring Gunnarsson.

istaekni.com

STORM

Storm skipakranar.

Reynsla, hönnun og framleiðsla í yfir 100 ár.

Fást hjá Rubix.

RUBIX

rubix.is / Dalvegur 32a / Kópavogi / s: 522 6262 / rubix.is@rubix.com

Fræðsla og þekking hefur skilað sér í meiri öryggisvitund sjómanna

Anton Örn Rúnarsson stýrimaður og kafari hjá Landhelgisgæslunni

„Aukin fræðsla og þekking hefur skilað sér í meiri öryggisvitund sjómanna sem hefur svo orðið til þess að staðan er önnur og mun betri en hún var fyrir tveimur áratugum þegar kemur að öryggismálum,“ segir Anton Örn Rúnarsson, stýrimaður og kafari hjá Landhelgisgæslunni.

Anton Örn er Skagamaður í húð og hár, fæddist og ólst upp á Akranesi og þar voru hans fyrstu kynni af sjónum, sjómennsku og bátasmíði þegar hann var ungur að árum. „Ég kunnir virkilega vel við mig á sjó og ætli hafi ekki strax á barnsaldri verið nokkuð ljóst að ég myndi starfa við eitthvað sem tengist sjó,“ segir hann. Faðir hans, Rúnar Gunnarsson, var til sjós, á dagróðrabátum, fiski- og flutningaskipum og fékk Anton af og til að fara með honum.

„Ég byrjaði snemma að þvælast um með pabba og hafði óskaplega gaman af því,“ segir hann. Þá var Ingólfur Þorsteinson, afi hans bátasmíður á Akranesi og lá leið Antons oft í smíðjuna til hans eftir skóla. „Ég hafði mjög gaman af að fylgjast með afa að störfum og sjá hvernig bátur varð til og auðvitað reyndi ég líka að gera gagn í leiðinni, sópa gólfíð og aðstoða með ýmis verk sem ég réð við.“

Sótti alltaf í það sem tengdist sjó og vatni

Anton á líka rætur í skátahreyfingunni sem hann starfaði með og þá var hann frá unglingsárum félagi í Björgunarfélagi Akraness, þá aðallega í sjóflokk. „Ég sótti alltaf í eitthvað sem tengdist sjó eða vötnum og strax í unglingsárinum fékk ég starf við að sigla með krakka um Skorradalsvatn. Ég held að ég hafi ekki séð neitt annað en að gera eitthvað sem tengdist sjó og vötnum og var mikið líka að þvælast um á bryggjunni á Akranesi og fylgjast með lífinu þar.“


Anton fór að loknu námi í grunnskóla í Fjölbautarskólann á Akranesi en hafði þá þegar stefnt að því að sækja um nám í Stýrimannaskólanum. Hann segist hafa tekið þá bóklegu áfanga sem þurfti til að fleyta honum inn í Stýrimannaskólann sem hann komst inn í eftir tvo vetur í Fjölbaut. „Ég hafði ekki neitt sérstaklega gaman af bóknámi nema þá því sem höfðaði sérstaklega til mín eins og siglingarfræði og slíkir áfangar sem gögnuðust mér beint og ég hafði mikinn áhuga fyrir,“ segir hann.

Frábært starf í Bretlandi

Anton bætir við að hann hafi ákveðið að taka stutt hlé frá námi til að fara í sjálfböðavinnu hjá YMCA í Bretlandi en þar er áhersla lögð á að kenna allt sem viðkemur sjó og vötnum auk ýmislegs annars eins og klífurs. „Ég var að vinna í útlífsmiðstöð þar sem tekið var á móti krakkahópum og farið í margs konar virkni þar sem ég var að kenna á kajak og kanó, auk þess klífur, sig, bogfimi og margt fleira. Ég hafði mikinn áhuga fyrir þessu og stökk heldur betur út fyrir þægingindaramann með því að fara í þetta sjálfböðastarf. Ætlun mín var að ná góðum tókum á ensku, því satt best að segja kunnir ég varla annað en yes og no. Ég var öllum stundum á bryggjunni eða gera eitthvað allt annað en vera í tölvuleikjum og horfa á sjónvarp, þannig að ég náði enskunnri ekki með því að horfa á skjái. En skemmst er frá því að segja að mér líkaði vel, hópurnir var góður og ég held sambandi við nokkra ennþá, mörgum árum



■ Anton Örn Rúnarsson hefur komið víða við í störfum sínum og einnig kynnst björgunar- og öryggisstörfum erlendis. Hér er hann um borð í herskipinu USS Mount Whitney á Miðjarðarhafi.



■ Anton Örn fylgist hér ásamt Páli Geirdal, skipherra, með flutningaskipi sem varðskipið er með í drætti.

siðar. Þetta var geggjáð, mjög gagnlegt og virkilega skemmtilegt.“

Í Bretlandi kynntist hann eigendum verslunarinnar GG Sport sem voru þar að kaupa inn varning fyrir búð sína og fóru leikar þannig að honum bauðst vinna í búðinni þegar hann kom heim eftir dvölina úti. Þar starfaði hann um skeið, ýmist í heilu eða hlutastarfi með náminu í Stýrimannaskólanum.

Er enn í þessari heimsókn

Einhverju sinni bauðst honum að kynna starfsemi sem fram fer í stjórnstöð Gæslunnar en þarf starfaði skólafélagi Antons sem bauð honum í heimsókn. „Ég hafði mjög gaman af þessari heimsókn, fannst starfið sem þar er bæði áhugavert og spennandi,“ segir hann en svo vildi til að

það var laust sumarstarf á stjórnstöðinni og var hann inntur eftir hvort hann hefði áhuga. „Ég var kominn með sumarvinnu á Helgafellinu en hugsaði mig vel um og komst að þeirri niðurstöðu að láta slag standa og taka starfið á stjórnstöðinni frekar en á Helgafellinu. Ég var þar um sumarið, vann þar með skólanum og starfaði þar einnig um árabíl eftir námið, þannig að ég segi stundum að þessari heimsókn sé enn ekki lokið,“ segir hann.

Beint úr útskrift á sjóinn

Anton lauk námi við Stýrimannaskólann og hoppaði beint úr hátiðlegri útskriftarathöfninni í Hörpu og um borð í varðskipið Þór en hann hafði fengið þar starf. „Fyrsti túrinn var sama dag og ég útskrifaðist og því gafst ekki tími til að halda

upp á áfangann með veisluhöldum, alvaran tók bara beint við en það er bara gaman að því.“

Anton hefur einnig lokið atvinnukafaranámi en hann hefur lengi haft áhuga á köfun, keypti m.a. fyrsta köfunarbúninginn fyrir fermingarpeningana sína. Námið tekur 8 vikur og er bæði bók- og verklegt, yfirgripsmikið nám segir hann þar sem farið er yfir alla þætti sem snúa að köfun. Á hverju námskeiði er fólk frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslu og Sérsveit ríkislögreglustjóra. Anton hefur starfað við köfun meðfram sínum störfum fyrir Gæsluna. Um síðustu áramót færði hann sig yfir í flugdeild og er sigmaður á þylum LHG en allir sigmenn eru menntaðir stýrimenn og sjúkraflytingamenn. Hann hefur einnig lokið námi í sjúkraflytingum og tekið aukavaktir á Akranesi þegar hann kemur því við. „Það verður að viðhalda þeirri þekkingu sem maður hefur aflað sér, annars fennir yfir hana og það er líka gott að bæta við sig reynslu,“ segir hann. Um borð í varðskipum LHG eru ávallt tveir kafarar í áhöfn og tveir sjúkraflytingamenn.

Mikil og góð samskipti við sjómenn

Þegar Anton rifjar upp ferill sinn hjá Landhelgisgæslunni segir hann að samskipti milli starfsmanna á stjórnstöðinni við sjómenn séu eftirminnileg. „Það eru alltaf mikil samskipti á milli okkar sem störfum á stjórnstöðinni við sjómenn á hafi úti. Við búum við gott eftirlitskerfi og samskiptin eru mikil og góð,“ segir hann. Stjórnstöð LHG sinnir einnig hlutverki vaktstöðvar siglinga. Bátarnir þurfa að láta vita af sér með ákveðnu millibili og hafi ekki heyrst í þeim í 30 mínútur er viðbragð virkjað. „Við byrjum á að hafa samband við þá báta sem skemmst eiga að fara, það er lykill að skjótri og farsælli björgun að heyra í þeim

LOFTPRESSUR & VATNSDÆLUR

FYRIR FLEST VERKEFNI
DYNJANDI.IS



Kíktu í vefverslun okkar [DYNJANDI.IS](https://dynjandi.is)
til að sjá möguleikana eða hafðu samband og
fáðu faglega ráðgjöf hjá starfsfólkinu okkar.



Skeifunni 3h · Sími: 588 5080 · dynjandi.is

nálægustu og hefur margoft sannað sig að skilar árangri," segir hann. Hafi eitthvað mikið farið úrskaiðis er þyrla sjóbjörgunarsveitir Slysavarnarfélagsins Landsbjargar kölluð út og þá eru varðstjórar í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar með alla þræði í hendi sér, sjá um samskipti við þyrlu, lækni og yfirleitt alla sem þátt taka í aðgerðinni. „Það er oft mikið álag þegar eitthvað kemur upp á, mikil pressa, enda mikið í húfi að vel takist til," segir hann.

Anton segir að vitundarvakning hafi orðið meðal sjómanna hvað varðar að vakta og hlusta á rás 16, sem er neyðar- og uppkallsrás skipa og báta. Stundum hafi sjómenn skýlt sér á bak við að heyrja ekki köll frá stjórnstöð því þeir væru einir í vinnu úti á dekki. Átak með Landssambandi smábátaeigenda hafi skilað árangri og margir fengið sér hátalara út á dekk þannig að þeir heyrir ávallt í rásinni.

Aukin öryggisvitund hefur skilað sér
Hann nefnir einnig að öryggisvitund sjómanna hafi aukist með árunum og allir mjög meðvitaðir um gildi þess að hafa öryggismál um borð í skipum og bátum í sem allra bestu lagi. Anton segir sem dæmi að enginn fari út á dekk að vinna nema vera með hjálm, í öryggisvesti og með neyðarsendi.

„Þetta má þakka öfluglu starfi Slysavarnarskóla sjómanna, Sæbjörgu. Þeir sem að honum standa eiga heiður skilinn fyrir sitt góða starf sem hefur haft mjög jákvæð áhrif í þessum málaflokki," segir hann. Slys um borð í skipum hafi fækkað til muna og banaslys séu næsta fátíð. „Þetta er mikil framför, aukin þekking og fræðsla hefur skilað góðum árangri," segir hann. „Það eru allir á þessari



■ Snemma beygðist krókurinn til sjómennsku. Anton hér á barnsaldri í róðri með föður sínum á Valdimar AK.



■ Í brúnni á varðskipinu Þór. Frá vinstri: Anton Örn 2. stýrimaður, Eiríkur Bragason yfirstýrimaður, Páll Geirdal skipherra.

línu, hér fá allir góð tækifæri til að æfa það sem upp á getur komið, m.a. hvernig eigi að taka á móti þyrlu. Við finnum að það er munur hvort við förum í íslensk skip eða erlend en á íslensku skipunum hefur áhöfnin þegar tekið æfingu og veit hvernig á að bregðast við.

Anton segir að þegar kemur að öryggi séu mál í góðum farvegi. Hann nefnir þó að það megi hafa áhyggjur af því ef of fáir eru í áhöfn skipa en sem kunnugt er hefur fækkað í áhöfnum eftir tæknibyltingar og sjálfvirkni sem leysi mannhöndina af hólmi. „Þar sem eru 8 um borð í stóru skipi má ekkert út af bregða. Svona fáir menn eiga erfitt með að ráða við erfitt ástand sem getur komið upp, t.d. leka eða eldsvoða," segir hann og nefnir einnig að oft eru sjómenn á minni bátum þreyttir eftir mikla vinnu og þá sé meiri hætta á að eitthvað geti farið úrskaiðis.



■ Stjórntök æfð á varðskipinu Þór.



■ Sigíð um borð í skip.

Gleðilega sjómanna dagshátíð!



Soffanías
Cecilsson



Brimrún
FURUNG

MD VÉLAR



AUÐLINDIN

JAKOB VALGEIR EHF



Vopnafjarðarhöfn



Sjómannasamband
Íslands



Síldarvinnslan hf



ESKJA

BORGARPLAST



RSF

ÆGIR

GPG
SEAFOOD ehf

HJÁ ÍSRÖR FÆRÐU INNTAKSPÉTTI

FRÁ KRASO®
EINFACH+DICHT

Sjómenn

– til hamingju með daginn!



NÝTT

INNTAKSPÉTTI FYRIR
KJARNABORAÐ OG RÖR

VERK UNNIÐ Á ÍSLANDI INNTAKSPÉTTI
OPIN OG SETT EFTIRÁ

FJÖLPÉTTI
FYRIR STRENGI.

INNTAKSPÉTTI FYRIR BROTTIN
EÐA ÓREGLELEG GÖT


NÝ GERÐ HITAVEITURÖRA HJÁ ÍSRÖR

FIBREFLEX 10 BAR OG 16 BAR

FIBREFLEX PIPE
CONSTRUCTION

- FIBREFLEX RÖR FÁST Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- MEIRA HITAPÓL, VINNSLUHITI UPP Í 95°
- FIBREFLEX NÚ FÁANLEGT Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- PE KÁPA RIFFLUÐ

RK Radius - Kelit
Infrastructure



NÝTT

HRINGHELLA 12 | 221 HAFNAFJÖRÐUR | SÍMI 565 1489
FARSÍMI 894 5955 | ISROR@ISROR.IS | WWW.ISROR.IS

ÍSRÖR

Traustur félagi í sjávarútvegi

Skeljungur hefur þjónað sjávarútveginum og smábátaeigendum í tugi ára. Skeljungur óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn

